

allt

SNJÓLAUG BENEDIKTSÓTTIR: Með grænar ORA baunir í Boston

• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS



birta

MARÍA MARKAN OG STEFÁN ÍSLANDI:

Nöfn þeirra lifa

• Skálholtshátíð • sundföt
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



event

EUROPEAN TOUR 2005
EGILSHÖLL 17. JÚLÍ

Snoop Dogg

500 kr. afsláttur fyrir Námufélaga Landsbankans

Landsbankinn

SIRKUS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júlí 2005 - 175. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Ónýtar siðareglur?

Vissulega þarf að endurskoða ýmislegt í siðareglum Bláðamannafélagsins, segir Birgir Guðmundsson. Það breytir samt ekki þeirri grundvallarstaðreynd að það er á ábyrgð blaðamanna sjálfra og þeirra sem kaupa fjölmiðlaefni að ákveða á hverjum tíma hvar markalín-an liggur.



UMRÆÐAN 22

FH kann ekki að tapa

Eftir að hafa lokið fyrri umferð Landsbankadeildar karla í fótbolta eru FH-ingar ennþá með fullt hús stiga. Í gær voru það Framarar sem voru fórnarlamb Hafniríðinga. Valsmenn fylgja þeim eins og skugginn en þeir unnu góðan útsigur á botnliði Þróttar.



ÍÞRÓTTIR 32

Grét af geðshræringu

Hin árlega skeggvaxtarkeppni sem kennd er við sjálfan Tom Selleck var haldin á Sirkus á miðvikudaginn. Þar báru menn saman skeggrætur sínar og kepptust við að glenna efri vörina í átt að dómurum.



UNGA FÓLKID 44

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR Á VÍÐ OG DREIF, síst þó norðan til á landinu þar sem rofað gæti nokkuð til. Hlýtt í veðri og hiti 12-18 stig, hlýjast norðan til á landinu.

VEÐUR 4

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Föstudagar: 25-49 ára*

76%

Fréttablaðið

52%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á föstudögum.

Stefnir í upplausn R-lista samstarfsins

Viðræðunefnd glímir nú við ágreining Samfylkingar og Vinstri grænna sem líklegur er til að sprengja R-listasamstarfið. Framsóknarmenn tilbúnir að láta Orkuveituna lausa til að halda samstarfinu.

STJÓRNMÁL Auknar líkur eru á að störfum viðræðunefndar flokka R-listans ljúki með því að listinn verði leystur upp, segir heimildarmaður Fréttablaðsins úr röðum Vinstri grænna. Það er ágreiningur Vinstri grænna og Samfylkingar um fjölda fulltrúa hvers flokks á listanum sem gæti riðið R-listanum að fullu. Sá ágreiningur byggist á því að Samfylkingin vill fá fjóra til fimm borgarfulltrúa eða láta kjósa inn á listann í opnu prófkjöri meðan Vinstri grænir vilja tryggja jafna aðkomu flokkanna.

Heimildarmaður blaðsins segir enn fremur að greina megi á mörgum Samfylkingarmönnum að þeir líti á Vinstri græna sem olnbogabarn sem gott væri að losa sig við eftir að þeir

reyndust Samfylkingunni erfiður ljár í þúfu, bæði þegar Þórolfur Arnason sagði af sér sem borgarstjóri og í Landsvirkjunarmálinu.

Sverrir Jakobsson, varamaður Vinstri grænna í viðræðunefnd um R-listann, segir að ef ekki náist sátt um málið muni flokkarnir bjóða fram hver í sínu lagi en þó ganga bundnir til kosninga. Annar heimildarmaður Vinstri grænna telur hins vegar litlar líkur á því að Samfylkingin sjái hag sinn í því, þar sem flokkurinn muni reyna að ná fylgi frá hægri.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir að aðrei hafi verið jafnt hlutfall fulltrúa flokkanna á listanum heldur hafi alltaf verið lítið til fylgis flokkanna enda sé

það lýðræðislegt. Hún segir Samfylkinguna síður en svo líta á VG sem olnbogabarn þótt flokkarnir hafi tekist á sem samstarfsflokkar.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu vilja Framsóknarmenn hins vegar í lengstu lög halda samstarfinu áfram og hafa í þeirri viðleitni rætt það lauslega að láta Orkuveituna í hendur Vinstri grænum. Fulltrúi Framsóknarflokksins í viðræðunefndinni segist ekki kannast við að fulltrúar samstarfsflokkanna tveggja séu farnir að hóta því að bjóða fram einir. Hann segir Orkuveituna ekki heilagt vígi Framsóknarmanna.

Viðræðunefndin kemur aftur saman á mánudaginn.

- jse



MAHMOUD AHMADINEJAD Bandaríkjaforseti tekur ásakanir um að hann hafi tekið þátt í gíslatöku fyrir aldarfjórðungi mjög alvarlega.

Nýr forseti Írans:

Grunaður um gíslatökur

WASHINGTON, AP Bandaríkjamenn, sem haldið var í sendiráði sínu í Teheran í 444 daga fyrir um aldarfjórðungi síðan, staðhæfa að nýkjörinn forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, sé einn gíslatökumannanna. George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að hann tæki þessarar ásakanir alvarlega og þær vektu upp margar spurningar.

Ahmadinejad var meðlimur í stúdentahreyfingunni sem hertók sendiráðið 4. nóvember 1979 til þess að knýja fram framsal Íranskeisara sem Bandaríkjamenn höfðu skotið skjólshúsi yfir eftir klerkabyltinguna sama ár. Talsmaður hans sagði hins vegar í gær að Ahmadinejad hefði sjálfur lagst gegn gíslatökunum. ■

Fyrstu Live 8 tónleikarnir:

Áttalíf í Reykjavík

TÓNLEIKAR Klukkan 20:30 í kvöld hefjast fyrstu Live 8-tónleikarnir í Hljómskálagarðinum en þeir standa yfir til klukkan ellefu í kvöld. Það er hópur tónlistarmanna undir nafninu Áttalíf ásamt fyrrum fréttahauknum Árna Snævarr sem standa að þessum viðburði. Með þessu vilja þeir lýsa yfir stuðningi við Live 8-hópinn, sem vill meðal annars láta fella niður skuldir fátækustu þjóða heims.

Sjá síðu 47



Í SKJÓLI EIGINKONUNNAR Tan Sun Chen vildi augljóslega að koma sín vektli litla athygli því hann faldi sig á bak við eiginkonu sína þegar reynt var að taka af honum mynd.

Utanríkisráðherra Taívan í leyniheimsókn:

Íslensk stjórnvöld neita tengslum

HEIMSÓKN Dr. Tan Sun Chen, utanríkisráðherra Taívan, kom hingað til lands í gær. Kínverskum embættismönnum gremst heimsóknin en íslensk stjórnvöld ítreka að ráðherrann sé hér einungis í einkaerindum.

Tan kom til landsins síðdegis í gær frá Noregi en strax við komuna til landsins þusti hann upp í bifreið með dökkklituum glerjum sem ekið var á brott í snarhasti.

Að sögn kunnugra er ráðherrann hér að kynna sér land og þjóð og ætlar hann að hitta íslenska

viðskipta- og skólammenn. Hann fer héðan á morgun.

Íslenska ríkisstjórnin hefur engan viðbúnað vegna heimsóknarinnar og engin áform eru um að Tan hitti íslenska ráðamenn. „Þarna er um hreinræktada einkaheimsókn að ræða sem ekki snertir á neinn máta íslensk stjórnvöld,“ segir Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu.

Grunnt er á því góða með ríkisstjórnnum Kína og Taívan og því hafa starfsmenn kínverska sendi-

ráðsins tjáð yfirvöldum andstöðu sína við heimsóknina. „Þeir hafa lýst yfir vissum áhyggjum af þessu og hvaða áhrif þetta gæti haft,“ segir Gunnar Snorri. Hann kvaðst hins vegar hafa ítrekað að Íslendingar viðurkenndu aðeins eitt Kína. „Samskipti Íslands og Kína eru svo góð og vinsamleg og hafa verið í svo ágætum farvegi að ég hef fulla trú á að þeir skilji að þetta er ekki illa meint.“

Kínverska sendiráðið vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

-shg

ÚTSALA

15-70% Afsláttur





SPURNING DAGSINS

Jojo, misstirðu af Bruce?

„Neinei, við erum alltaf í sambandi.“

Götutónlistarmaðurinn Jojo lék eitt sinn með Bruce Springsteen á Stríkinu í Kaupmannahöfn. Springsteen tók lagið í Leifstöð þegar hann millenti í fyrradag.

Löggildingarnám fasteignasala hjá Endurmenntun Háskóla Íslands:

Tveir af hverjum þremur féllu á prófinu

MENNTAMÁL Rúmlega 64 prósent af 78 manna hópi féllu á fyrsta áfanga löggildingarnáms til fasteignasölu sem er á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Með gildistöku nýrra fasteignalaga eru gerðar ríkari menntunarkröfur til þeirra sem vilja öðlast löggildingarréttindi, að sögn Oddnýjar Halldórsdóttur verkefnastjóra hjá Endurmenntun. Þetta er fyrsti áfangi löggildingarnáms sem boðið er upp á eftir að nýju löginn tóku gildi og á vegum Endurmenntunar.

Að sögn Oddnýjar er náminu nú skipt í þrjár annir, sem gefur 10 einingar hver. Námsefni fyrstu annar

skiptist í stórum dráttum í inngang að lögfræði, eignarétt og samningarétt. Þátttakendur verða að fá 5 í lágmarkseinkunn til þess að standast próf í hverju fagi fyrir sig, en 7 í meðaleinkunn til að ná áfanganum.

Oddný segir þær kröfur gerðar til þeirra sem vilja hefja löggildingarnám að þeir hafi stúdentspróf, hafi starfað í eitt ár hjá löggildum fasteignasala og menn geti ekki farið í prófin nema hafa sótt námið.

-jss

ENDURMENNTUN Endurmenntun Háskóla Íslands hefur nú tekið við námi til löggildingar fasteignasala. Myndin er frá útskriftum Endurmenntunar.



MILLIARÐAR Í BARÁTTUNA VIÐ MALARIÚ

George W. Bush:

Ráðist gegn mýrarköldu

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að ríkisstjórn sín myndi á næstu árum verja jafngildi 78 milljarða íslenskra króna til þess að berjast gegn malaríu. Yfir ein milljón íbúa jarðar deyr árlega úr veikinni og er stór hluti þeirra börn. Vonast er til að með fénu megi fækka dauðsföllum um helming árið 2010.

Auk þess verður 26 milljörðum króna varið til menntunar afrískra stúlkna og jafnframt er áformað að leggja ríflega 300 milljónir í að bæta stöðu kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

Yfirlýsingin kemur í aðdraganda fundar átta helstu iðnríkja heims en hann verður haldinn í næstu viku í Skotlandi. ■

Bæjarráð Siglufjarðar:

Bráðabirgðakvóti á loðnu

LOÐNUVEIÐAR Í ályktun sem bæjarráð Siglufjarðar samþykkti í gær, og send var sjávarútvegsráðherra samdægurs, er lagt til að kannaður verði möguleiki á bráðabirgðakvóta vegna loðnuveida í sumar. Leggur bæjarráð áherslu á að rannsóknir og veiðar í sumar verði ekki afskrifaðar strax þar sem um mikið hagsmunamál sé að ræða. -kk

Lífeyrir gæti skerst um næstu áramót

Lífeyrissjóður bankamanna er óstarfhæfur og dauðadæmdur fáist bakábyrgð Landsbankans ekki viðurkennd. Að óbreyttu þarf að grípa til skerðingar lífeyrisréttinda þegar um næstu áramót verði ekkert að gert.

LÍFEYRIR „Samkomulag við Landsbankann var gert í góðri trú á sínum tíma,“ segir Friðbert Traustason stjórnarformaður Lífeyrissjóðs bankamanna. Hann bætir við að að óbreyttu geti sjóðurinn ekki staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. „Það er hins vegar svo að samkomulagið um að setja á fót nýtt kerfi sem tryggir afkomu lífeyrissjóðsins er hvergi til skjalfest.“



FRIÐBERT TRAUSTASON

Eigendur Landsbankans líta svo á að engar bakábyrgðir gagnvart lífeyrissjóðnum séu í gildi og svo hafi ekki verið frá því gert var upp við Lífeyrissjóð bankamanna árið 1997 í aðdraganda þess að ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög og þeir síðan einkavæddir.

Svo sem greint


var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Lífeyrissjóðurinn nú höfðað mál gegn Landsbankanum og ríkinu. Meginkrafa sjóðsins er að Landsbankinn viðurkenni bakábyrgðir vegna vaxandi skuldbindinga sjóðsins með sama hætti og var fyrir árslok 1997. Til vara krefst lífeyrissjóðurinn liðlega 2,6 milljarða króna skaðabóta vegna tjóns sem sjóðurinn telur sig hafa orðið fyrir vegna rangra útreikninga.

Friðbert Traustason segir að launaskriðið í Landsbankanum frá árinu 1999 hafi verið allt annað og meira en búist var við eftir að bankinn var seldur. Gert hafi verið ráð fyrir 27 prósent meðalhækkun til ársins 2002. Raunin hafi hins vegar orðið 48 prósent hækkun.

L í f - eyrir

sjóðsfélaga miðast við laun sem þeir hafa við starfslok. Hafi laun starfsmanns með langan starfsaldur hækkað verulega síðustu þrjú árin sem hann starfaði þarf sjóðurinn að standa skil á hækkuðum greiðslum til hans í takt við lokalaunin. „Sjóðurinn er yfir hætumörkum nú með 11,8 prósent neikvæða afkomu. Okkur ber að grípa til aðgerða strax og við skrïðum yfir 10 prósent markíð. Takist ekki að rétta við fjárhag sjóðsins, til dæmis með málaferlum sem við reynum nú, fáum við vafalaust tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu um að skerða lífeyrisgreiðslur. Það verðum við að gera í síðasta lagi um næstu áramót. Aðildarfélög eins og Landbankinn verða að bera bakábyrgð. Annars er sjóðurinn dauðadæmdur,“ segir Friðbert Traustason.

johannh@frettabladid.is



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR REKTOR HÍ Kristín Ingólfssdóttir tók við embætti rektors Háskóla Íslands í gær úr hendi Páls Skúlasonar sem gegnt hefur embættinu undanfarin átta ár. Hún er fyrsta konan sem kjörin er rektor við skólann.

LÖGREGLUFRETTIR

KVEIKTU Í VINNUSKÚR Í REYKJAVÍK Einhverjir tóku sig til og báru eld að vinnuskúr við Langholtsskóla um kvöldmatarleytið í gær. Aðstæður reyndust brennivegungum hinsvegar ekki hliðhollar í votviðrinu og náði slökkviliðið að ráða niðurlögum eldsins þegar hurð skúrsins hafði brunnið til hálf. Það var vökull vegfarandi sem gerði slökkviliðinu viðvart.

DANMÖRK

LÖGREGLUMADUR Í STEININN Eystri-Landsréttur dæmdi í gær 54 ára gamlan lögreglumann í tveggja ára fangelsi fyrir peningabætti. Hann hafði hjálpað stjúpyni sínum að koma peningum í umferð sem aflað hafði verið með fíkniefnasölu. Dómstóll í Tåstrup hafði áður dæmt manninn í þrjú ára fangelsi en sá dómur hefur nú verið mildaður.

BRIXTOFTE ENN AÐ Peter Brixtofte, sem þekktastur er fyrir að hafa steypt bænum Farum í skuldafen í bæjarstjórninni sinni, fær ekki að kenna nýstofnaðan flokk sinn við frjálslynda sósíalista. Venstre-flokkurinn, sem Brixtofte var áður í, kennir sig einnig við frjálslyndisstefnu og stefndi því Brixtofte. Innanríkisráðuneytið tók undir sjónarmið Venstre og féllst ekki á að skrá flokk Brixtofte undir þessu nafni.

Tveir erlendir farþegar handteknir við komu Norrænu til Seyðisfjarðar:

Með fjögur kíló af fíkniefnum

FÍKNIEFNAMÁL Tveir erlendir farþegar voru handteknir í gær eftir að fjögur kíló af hvítu efni sem annað hvort mun vera amfetamín eða kókaín fundust í bifreið í Norrænu í gærmorgun. Það voru fíkniefnahundar lögreglunnar sem þefuðu efnin uppi en þau fundust í hólfi aftarlega í bifreiðinni skömmu eftir að hundarnir komu lögreglumönnum á sporið.

Tvímennirnir gistu fanga-geymslur lögreglunnar á Egilsstöðum í nótt en málið er í rannsókn að sögn lögreglunnar á Seyðisfirði.

Lögreglan á Seyðisfirði segir enn fremur að þetta sé mesti fíkniefnafundur í Norrænu frá upphafi þótt þeir hafi áður fundið meira magn en árið 1992 urðu farþegar skipsins uppvisir að smygli á fimm kílóum af kanna-



NORRÆNA Í HÖFN Á SEYÐISFIRDI Tveir voru handteknir við komu Norrænu í gærmorgun eftir að fjögur kíló af amfetamíni eða kókaíni fundust í bil tvímennigganna. Aldrei áður hefur svo mikið af sterkum fíkniefnum fundist í Norrænu.

bisefnum og þrjúhundruð grömmum af amfetamíni.

Tollverðir frá Reykjavík eru oft á svæðinu við komu Norrænu

og reyndist svo einnig vera í gær og naut lögreglan því liðsinnis þeirra.











-jse

Alltaf skynsamlegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is

<p>Golf</p>  <p>2,0 TDI 140 hö • 5,4 ltr./100 km</p>	<p>DIESEL</p> <p>Nokkur dæmi um kraft og eyðslu Volkswagen með TDI® dísilvélum</p>	<p>Caddy</p>  <p>2,0 SDI • 70 hö • 5,3 ltr./100 km</p>
<p>Touran</p>  <p>1,9 TDI • 105 hö • 5,9 ltr./100 km</p>	<p>Touareg</p>  <p>V6 TDI • 225 hö • 10,9 ltr./100 km</p>	<p>Fox</p>  <p>1,4 TDI • 70 hö • 4,9 ltr./100 km</p>
<p>Passat</p>  <p>2,0 TDI • 140 hö • 5,8 ltr./100 km</p>	<p>Polo</p>  <p>1,4 TDI • 70 hö • 4,5 ltr./100 km</p>	<p>Transporter</p>  <p>1,9 TDI • 85 hö • 7,5 ltr./100 km</p>
<p>DIESEL = VW</p> <p>Farðu á fjórða hring um Ísland fyrir 0 krónur</p> <p>Með öllum staðfestum pöntunum í júlí á TDI® bílum frá Volkswagen fylgir 200 lítra eldsneytiskort frá Esso til júliloka. Það munar um minna, enda duga 200 lítrar til að komast 3,4 hringi í kringum landið á nýjum Volkswagen Polo.</p>	<p>Golf Plus</p>  <p>2,0 TDI • 140 hö • 5,4 ltr./100 km</p>	<p>Passat Variant*</p>  <p>2,0 TDI • 170 hö • 6,1 ltr./100 km</p>

Meðaleyðsla m.v. 100 km blandaðan akstur

*Væntanlegur í ágúst

HVITA HUSBÍL / 8A - 3729

Gleðilegan dísil dag!

Komdu og prófaðu Volkswagen með TDI®

TDI® er skrásett vörumerki

Með lagabreytingu sem tekur gildi í dag verður enn hagkvæmara en áður fyrir almenna bíleigendur að nýta sér kosti dísilbíla. Minni eyðsla þýðir lægri rekstrarkostnað auk þess sem umgengnin við náttúruna verður betri.

Tækniþróun í hönnun dísilvéla hefur skilað þeim árangri að þær eru nú fyllilega sambærilegar við bensínvélar hvað varðar kraft og þægindi, en eyða að jafnaði 20–30% minna eldsneyti.

HEKLA er stolt af að bjóða alla Volkswagen-línuna með nýju TDI® dísilvélunum sem sameina hagkvæmni, afl og tæknilega fullkomnun. TDI® er skrásett vörumerki Volkswagen.

GENGIÐ		
GENGI GJALDMÍÐLA 30.06.2005		
	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,02	65,34
Sterlingspund GBP	116,58	117,14
Evra EUR	78,34	78,78
Dönsk króna DKK	10,51	10,57
Norsk króna NOK	9,90	9,96
Sænsk króna SEK	8,31	8,36
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR	XDR	94,66 95,22

Gengisvísitala krónunnar
110,26
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bílalán stærstu lánafyrirtækjanna:

Samanburðu á netinu erfiður

NEYTENDUR Sá samanburður á bílalánunum sex helstu lánafyrirtækjanna sem birtist í blaðinu í gær reyndist ekki réttur. Var samanburðurinn að mestu byggður á útreikningum með reiknivélum fyrirtækjanna á vefnum en komið hefur í ljós að

slíkur samanburður er ekki not hæfur fyrir neytendur enda breytur og forsendur hvers fyrirtækis mismunandi. Samkvæmt endurbættri töflu sem nú birtist taka lánafyrirtækin Glitnir og SP Fjármögnun sömu þóknun fyrir sams konar

bílalán meðan bílalán Lýsingar eru neytendum dýrust. TM og Frjálsi fjárfestingarbankinn eru ódýrari en aðrir en hafa ber í huga að Frjálsi lækkaði vexti af verðtrygðum lánunum sínum úr sex prósentum, eins og aðrir bjóða, í 5,95 prósent og miðast útreikningar við það. Ekkert lántökugjald er tekið hjá TM til 1. ágúst og hefur það einnig áhrif á útreikninga á þeirra bílalánunum. -aþe

BÍLAKAUP Heita má að ógerlegt sé að bera saman bílalán mismunandi lánafyrirtækja með því að nota reiknivélur þær er bjóðast á heimasíðum viðkomandi fyrirtækja.



MISMUNANDI BÍLALÁN VEGNA KAUPA Á BIFREIÐ - LÁN TIL 7 ÁRA							
	Kaupverð	Innborgun	Lánsupphæð	Vextir	Meðalgr.	Heildargr.	Verð bíls
Glitnir	2,340,000	585,000	1,848,793	6,00%	26,840	2,254,577	2,839,577
Frjálsi fjárfestingarb.	2,340,000	585,000	1,783,095	5,95%	25,594	2,149,919	2,734,919
Tryggjandióstöðin	2,340,000	585,000	1,783,110	6,00%	26,031	2,186,606	2,771,606
SP Fjármögnun	2,340,000	585,000	1,848,793	6,00%	26,840	2,254,577	2,839,577
Sjóvá-Almennar	2,340,000	585,000	1,848,793	6,00%	26,976	2,266,063	2,851,063
Lýsing	2,340,000	585,000	1,876,745	6,00%	27,273	2,290,968	2,875,968



FARFUGLAR Sérfræðingar hafa áhyggjur af útbreiðslu fuglflensunnar þegar farfuglar flytja sig frá Quinghai-héraði í Kína.

Fuglflensan í Kína:

Farfuglar sýktir

KÍNA, AP Fuglflensufaraldurinn í Norðvestur-Kína reynist alvarlegri en fyrr var ætlað. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna ætla að fimm þúsund farfuglar hafi dáði í Qinghai-héraði. Einnig hafa sérfræðingar miklar áhyggjur af því hvað gerist þegar fuglarnir fara að flytja sig frá svæðinu og hvetja Kínverja til að gera fleiri tilraunir áður en til þess kemur.

Kínverjar hafa ekki gripið til þess ráðs að lóga fuglunum, eins og títt er þegar um sýktar dýrategundir er að ræða, vegna þess að um sjaldgæfar tegundir er að ræða sem í sumum tilfellum eru verndaðar. ■

Sígt með hjálpargögn:

Sjóráningjar tóku skipið

SÓMALÍA Skipi sem flytja átti hjálpargögn til Sómálíu hefur verið rænt í Inlandshafi. Um borð í skipinu var matur frá Sameinuðu þjóðunum sem flytja átti til svæðanna sem verst urðu úti í flóðbylgjunni sem skall á ströndum landsins um síðustu jól. Að sögn bandarísku fréttastofunnar CNN var skipið á leiðinni frá kenýsku höfninni Mombasa til Bossaso í Norðaustur-Sómálíu þegar vopnaðir sjóráningjar réðust á það.

Tíu manna áhöfn skipins er óhult en sjóráningjarnir krefjast þess að þeim verði greitt jafnvirði 35 milljóna íslenskra króna í lausnargjald fyrir skipið. ■

Fimm prósent jarðar- búa neyta eiturlyfja

Eiturlyfjaneytendur voru tvö hundruð milljónir á síðasta ári, fimmtán milljónum fleiri en í fyrra. Markaður með kannabisefni er alltaf að stækka. Smásölverðmæti eiturlyfja er tæpur 21 milljarður íslenskra króna.

EITURLYF Eiturlyfjaneytendur voru um tvö hundruð milljónir á síðasta ári. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Sameinuðu þjóðanna um eiturlyfjaneytlu í heiminum, þar sem teknar voru saman tölur frá árunum 2003 og 2004. Það eru fimm prósent jarðarbúa ef miðað er við aldersbilið 15 til 64 ára. Fjölduneytenda var um fimmtán milljónir milli ára og segja skýrsluhöfundar enga von um að hún verði minni á næsta ári.

Kannabis er langvinsælasta eiturlyfið og í stöðugri sókn. Munar mest um aukna framleiðslu, sölu og neyslu á maríúana og hassi þegar heildarfjöldi eiturlyfjaneytenda er reiknaður út en kannabisneytendur eru um 160 milljónir. Í skýrslunni kemur fram að allir þættir bendi til þess að markaður með kannabisefni sé að stækka og engin ástæða til að ætla að þenslan taki enda.

Mjög er lítið til Afganistan þegar stærð markaðsins með ópíumefni er ákvarðaður. Talið er að 87 prósent af ólöglegum ópíumefnum sé upprunninn þar í landi og hefur framleiðsla efnisins flust þangað frá Suðaustur-Asíu þar sem hún hefur minnkað um 78 prósent. Skýrsluhöfundar eru vongóðir um að með nýrri ríkisstjórn og stöðugra ástandi í Afganistan náiast að minnka framleiðsluna. Afganar eru æstir í að sýna alþjóðasamfélaginu fram á þetta og brenndu á dögunum sextíu tonn af ópíum á bálköstum í til efni af alþjóðlegum baráttudegi gegn fíkniefnum. Heróín er vinsælasta ópíumefnið og er það



KANNABISPLÖNTUR Kannabisneytendur í heiminum eru rúmlega 160 milljónir og hefur fjöldi undanfarið ár. Ekkert lát virðist vera á stækkan markaðsins með kannabisefni en mestu munar um fjölduneytenda þegar heildarfjöldi eiturlyfjaneytenda er reiknaður út.

jafnframt eiturlyfið sem veldur mestum vandamálum, samkvæmt skýrslunni.

Mikil vonbrigði eru að ræktun á kókarunna hefur aukist í Perú

FJÖLDI EITURLYFJANEYTENDA Í HEIMINUM

	(í milljónum)
Kannabisefni	60,9
Amfetamín	26,2
E-pillan	7,9
Kókaín	13,7
Heróín	10,6
Önnur ópíumefni	5,3

og Bólívíu en úr laufum kókarunna er unnið kókaín. Ræktunin hefur dregist saman í Kólumbíu þótt landið framleiði enn um helming alls kókaíns sem er í umferð. Neysla kókaíns er að dragast saman í Bandaríkjunum á meðan hún eykst í Evrópu.

Heildarverðmæti allra eiturlyfja sem seld voru í smásölu árið 2003 er áætlað um 322 milljónir Bandaríkjadollara, en það jafngildir tæpum 21 milljarði íslenskra króna. annat@frettabladid.is



BÍLVELTA Á KJALVEGI Vegir eru í misjöfnu ásigkomulagi á hálandinu og margir ferðamenn sem vara sig ekki á þeim hættum sem þar leynast.

Slysavarnarvið Landsbjargar:

Yfirfara alla hálandisvegi

SLYSAVARNIR Slysavarnarsvið Landsbjargar hyggst gera úttekt á vegum um hálandi landsins í sumar en tilefnið er að björgunar- sveitum bærast að meðaltali tvö útköll hvern einasta dag síðasta sumar þar sem ferðamenn höfðu lent í erfiðleikum.

Kjartan Benediktsson, umferðarfulltrúi samtakanna, segir ætlunina að yfirfara þá vegi sem ferðamenn fara um í samráði við ferðaþjónustuaðila og aðra sem sækja hálandið heim. „Með því móti ætlum við að komast að því hvar slyshættan er mest en umferð um svæðið fer vaxandi ár frá ári og full ástæða til þess að finna út hvar eða hvað má betur fara.“ -aþe

SJÁVARÚTVEGUR

200 ÞÚSUND TONN AF KOLMUNNA Kolmunnaafli íslenskra skipa á vertíðinni er kominn í 211 þúsund tonn og eru því rúm 130 þúsund tonn eftir af veiðiheimildum sem sjávarútvegsráðherra úthlutaði úr stofninum. Erlend skip hafa landað 90 þúsund tonnnum hérlandis og heildarafli er því kominn yfir 300 þúsund tonn.

MESTU LANDAÐ Á VOPNAFIRÐI

Íslensku skipin hafa landað 18 þúsund tonnum af síld á vertíðinni. Mestu hefur verið landað hjá HB Granda á Vopnafirði, um 6 þúsund tonnum en næst kemur Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum með 3.800 tonn. Kvótinn nemur 158 þúsund tonnum.

ÓB Snorrabraut – alltaf opið

ÓB Snorrabraut

alltaf í leiðinni

ódyrt bensín

VEÐRIÐ Í DAG

Um hádegis

Góla
16
15
16
12
13
15
12
10
13
15
12

Á morgun

13
15
17
12
14
13

Fremur hægur vindur.

Sunnudagur

10
10
10
14
11

Vaxandi norðaustan átt. Víða strekkingur þegar liður á daginn.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C skýjað	Paris	19°C skýjað/skúr	Alicante	32°C heiðskirt
Osló	21°C léttskýjað	Berlín	22°C hálfskýjað	Milano	31°C skýjað/skúr
Stokkholmur	20°C skýjað/skúr	Frankfurt	21°C skýjað/skúr	New York	29°C léttskýjað
Helsinki	21°C léttskýjað	Madrid	35°C heiðskirt	San Francisco	22°C heiðskirt
London	23°C skýjað	Barcelona	29°C skýjað/skúr	Orlando/Florida	32°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Kveðja,
Sigurður
Ragnarsson,
veðurfræðingur

Njóttu sumarsins



Grillkjöt
Svínakótilettur
Mediterranian

40% afsláttur við kassa

TILBOÐ
857 kr/kg
Merkt verð 1.429,-

Grilltips !!!

Hafa skal í huga þegar grillað er kjöt og fiskur að ekki á alltaf við að nota mesta hitann við eldunina. Hráefnið þarf mismunandi eldunartíma og hitastig. Gott er að taka kjöt til hliðar á grillinu og leyfa því að hvíla í litlum hita, svo að það nái að jafna sig og verð jafnt og fallega eldað.

Olía og pensill er besti vinur grillarans, því betra er að pensla grindina áður svo ekkert festist við.




Jumbo
samloka
M/ KJÖLING
Svínakótilettur, Rjúf & Smaðrúf
Kjöt og fiskur

TILBOÐ
gildir út laugardag
128 kr/kg
Verð áður 228,-

Jumbo

Frábært verð á samlokum



15% afsláttur við kassa

TILBOÐ
1.317 kr/kg
Merkt verð 1.549,-

New Orleans BBQ svínaríf



Glæsilegt úrval
af **STUBBS** sósum

Nýtt
í Hagkaupum



FRÁBÆRT TILBOÐ

TILBOÐ
449 kr/stk
Verð áður 799,-

Ben & Jerry's - á ótrúlegu verði



Jaka

Gott verð
899 kr/stk

JAKA BOV

Jaka skinka - 450g



30% afsláttur við kassa

TILBOÐ
533 kr/pk
Merkt verð 761,-

SIGGI STERKI

Stórir og sterkir - hamborgarar með brauði, sósu og osti. - Alvöru borgarar

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að reisa operuhús í Kópavogi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ferð þú í tjaldferðalag í sumar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Ný almenn bóknámsbraut við Menntaskólann á Akureyri:

Færri komust að en vildu

SKÓLI Fjörutíu nemendur, sem allir fengu mjög góða meðaleinkunn í 9. bekk í vor, sóttu um að komast á nýja almenna bóknámsbraut við Menntaskólann á Akureyri og sleppa þar með við að sitja 10. bekk næsta vetur.

Menntamálaráðuneytið veitti MA einum skóla heimild í tilraunaskyni til að taka við 15 nemendum beint úr 9. bekk en Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, segir að svo mjótt hafi verið á munum í einkunnum nemendanna að niðurstaðan hafi verið að taka 18 nemendur til náms að hausti. „Ríflega helmingur nemendanna sem teknir voru inn



koma frá Akureyri en aðrir víða af landinu. Því miður þurftum við að vísa mörgum afbragðsnemendum frá og í rauninni sorglegt að geta ekki tekið inn tvo hópa,“ segir Jón Már.

Að ári verða teknir inn tveir hópar á nýju almennu bóknámsbrautina við MA. Annar hópurinn verður skipaður yfirburðanemendum en hinn nemendum 10. bekkjar sem ekki ná að uppfylla lágmarks inntökuskilyrði á bóknámsbrautir í menntaskóla. - kk

SKÓLAMEISTARI MA Jón Már segir að margir afbragðsgóðir nemendur hafi ekki komist á nýja almenna bóknámsbraut við MA vegna fjöldatakmarkana.

Salmonella í Danmörku:

Ein kona látin

DANMÖRK Ein kona er látin eftir að hafa veikst af salmonellubakteríunni í Danmörku. Tuttugu aðrir liggja sjúkir eftir að hafa veikst af sömu bakteríu, eftir því sem fram kemur í Jyllands-Posten.



Yfirvöld í Danmörku óttast að upp sé kominn alvarlegur salmonellufaraldur en búið er að rekja má rekja til svinabús á Fjóni. Faraldurinn gæti hafa hafist fyrir mörgum vikum þótt uppsprettan hans hafi ekki fundist fyrr en nú. ■

SVÍN Uppsprettu salmonellusýkingarinnar í Danmörku má rekja til svinabús á Fjóni.

Tugir Íslendinga látast úr blóðeitrun

Blóðeitrun, öðru nafni sýklasótt, er stóralvarlegt og vaxandi vandamál hér á landi, sem og á öðrum Vesturlöndum. Talið er að 50 – 60 manns látist árlega hér á landi af völdum þessa skæða sjúkdóms.

HEILBRIGÐISMÁL Áætlað er að 50 – 60 Íslendingar hafi látist árlega á undanförunum árum af völdum blóðeitrunar, öðru nafni sýklasóttar, að sögn Ölmú D. Möller yfirlæknis á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Dánartíðni hefur aukist samhlíða því að tilfellum hefur fjölgað.

Þessi vandi er eitt víðfangsefna á þingi norrænna svæfinga- og gjörgæslulækna, sem nú er haldið í Reykjavík. Þingið sitja yfir 1000 þátttakendur frá 42 þjóðum. Fyrirlesarar eru yfir 100 talsins frá tólf löndum.

Sýklasóttin, eins og fagfólk í heilbrigðisgeiranum kallar blóðeitrunina, er alvarlegur sjúkdómur með háa dánartíðni og fer tilfellum fjölgandi. Til marks um það þá, látast fleiri af hennar völdum á Vesturlöndum heldur en úr brjóst- og ristilkrabbameinum samanlagt. Alþjóðlegt átak er hafið þar sem leit-



ALMA D. MÖLLER Sýklasótt er vaxandi vandamál hér á landi, sem og annars staðar á vesturlöndum.

„Sýkingin getur orðið ef einhver stingur sig, til að mynda á ryðguðum nagla og síðan kemur rák. En hún getur líka komið út frá lungnabólgu, liðsýkingum, þvagfærasýkingum og fleiri sýkingum. Þess vegna viljum við breyta nafninu í sýklasótt.“

Spurð hvort þessi aukning

sýklasóttar og afleiðinga hennar sé til komin vegna vaxandi ónæmis fyrir sýklalyfjum segir Alma það ekki vitað með vissu. En vissulega læðist sá grunur að sérfræðingum.

„Við erum sífellt að meðhöndla veikara fólk sem er þá einnig veikara fyrir. Verið er að setja gervilimi, gangráði og þess háttar í fólk og það getur aukið hættuna á þessu. Við gerum fleiri skurðaðgerðir, svo það er svo margt sem spilar inn í. Sýklasóttin getur sumstífað af áverka, inngrípi eða komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. Við getum fengið inn ungt, frískt fólk sem allt í einu verður fárveikt. Grunur leikur á að erfðafræðilegir þættir geti einnig spilað þarna inn í, auk hinna sem nefndir hafa verið hér að framan.“

jss@frettabladid.is



SÝKLASÓTTIN Er eitt af umfjöllunarefnum á fjölmennu norrænu þingi svæfinga- og gjörgæslulækna, sem nú stendur yfir hér á landi.

Bensínsala á Akureyri:

Atlantsolía vill norður í land

VÍÐSKIPTI Atlantsolía hefur sótt um lóð undir sjálfsafgreiðslubensínstöð og söluturn á Akureyri. Geir Sæmundsson, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir að undirbúningsvinna hefjist í ár og stöðin verði opnuð á næsta ári. „Akureyringar mega vænta lækunar á bensíni og díselolíu þegar fyrir-tækið verður komið til bæjarins. Um leið og okkur var úthlutað lóð á Ísafirði lækkaðu keppinautarnir verð á eldsneyti en verðið hefur lækkað á öllum þeim stöðum þar sem Atlantsolía hefur stigið niður fæti,“ segir Geir. - kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

TÓLF TEKNIR FYRIR OF HRAÐAN AKSTUR

Umferðareftirlitsáttak samgönguráðuneytisins og lögreglu í Skagafirði heldur áfram. Tólf bílar voru stöðvaðir í gær vegna of hraðs aksturs. Einn bíll var tekinn á 130 kílómetra hraða á klukkustund en hinir öku eitt-hvað hægar.

FÓR ÚT AF OG KVEIKTI Í BÍL Maður keyrði út af í nágrenni við Sauðárkrók aðfaranótt fimmtudags og kveikti því næst í bíl sínum. Engan sakaði, hvorki í út-afkeyrslunni né í eldinum. Maðurinn er grunaður um ólvunarakstur.

Tjöld

-landsins mesta úrval í Tjaldlandi við Glæsibæ

Simex Coho
2ja manna
Einfalt og skemmtilegt göngutjald.
Þyngd 2,6 kg

Verð **12.990 kr.**

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Áhyggjur af stórum löxum:

Veiðimenn tregir að sleppa

LAXVEIÐI Laxveiði hefur farið rólega af stað í ár ef undan er skilin veiði í Norðurá þar sem yfir fjögur hundruð laxar hafa komið á land, að sögn Páls Þórs Ármanns formanns Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Laxá í Kjós hefur ekki reynst gjöful og þar hafa aðeins veiðst um sjötíu laxar það sem af er sumri en áin virðist þó vera að taka við sér. Þrátt fyrir vonir um gott laxveiðisumar er það mörgum áhyggjuefni hvað lítið ber á tveggja ára laxi og telur Stefán Jón Hafstein, stóráhuga- maður um laxveiði með meiru, að stórlaxinn sé hreinlega í útrýmingarhættu. Hann telur að veiðimenn hafi ekki tekið tilmælum um að sleppa stórlaxi nógu alvarlega.

Fyrir norðan er laxveiðin öll að komast á skrið að sögn Sigurðar Ringsted, formanns Stangaveiði-



LAXVEIÐI Laxveiðimenn hafa þurft að sýna þolinmæði hingað til í flestum ám landsins en nú virðist laxinn vera farinn að taka þótt stórlaxinn láti enn ekki mikið á sér kræla.


félagsins Flúða. Til að mynda voru tólf laxar komnir á land í Fnjóská en í öllum júnímánuði í fyrra höfðu aðeins þrjár laxar

veiðst. Hún er greinilega sein til því í fyrra veiddust 440 laxar í ánni.

-jse



Ferðastu um
landið
með **ESSO**
í sumar!

Nældu þér í vegabréf á næstu ESSO stöð og láttu stimpla það hjá ESSO um allt land í sumar. Fullstimpluðu vegabréfi skilar þú svo inn og færð um leið sérstakan sumarglaðning. Vegabréfin fara í pott og glæsilegir vinningar eru dregnir út vikulega í allt sumar. Þú gætir unnið glæsilegt gólfsett, rafmagnsbíl fyrir börn eða jafnvel 42" plasma sjónvarp! Aðalvinningurinn er svo dreginn út í sumarlok þegar einn heppinn þátttakandi fær eins árs afnot af fjórhjóladrifnum Mitsubishi Outlander, tryggðum hjá VÍS ásamt heilum 1000 lítrum af gæða bensíni frá  **STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ!**



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir hinn umdeildi sóknarprestur í Garðasókn?
- 2 Hvar á Frelisturninn að risa?
- 3 Hvaða þjóð sigraði í Álfukeppninni í knattspyrnu?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Parfasti þjónninn hefur numið land í Ástralíu:

Íslenskir hestar í félagsskap kengúra

DÝRALÍF Hryssa af íslenskum ættum, Dana, eyðir nú dögum í félagsskap kengúruhóps í Ástralíu. Í haganum hjá henni eru líka tvö önnur hross, einnig af íslenskum uppruna.

Eigandi hrossanna heitir Estelle Hobbins en hún kynntist íslenska hestinum fyrst 1997, þegar hún fór í ferð yfir Kjöl með Íshestum. Í bréfi sem hún sendir Einari Bollasyni forstjóra, ásamt kengúrumyndinni, kveðst hún telja að hún hafi verið fyrsti Ástralíubúinn til að fara slíka ferð.

Eftir ferðina segist Estella hafa fengið hestabakteríuna og

verið harðákveðin í að kaupa sér íslenskan hest. Þeir eru nú reyndar orðnir þrír, sem hún keypti með talsverðri fyrirhöfn og fyrir mikla peninga, segir hún. Þar sem enga slíka var að finna í Ástralíu, þurfi hún að leita til annarra landa. Hún keypti tvö íslensk hross frá Nýja Sjálandi, tólf vetra hryssuna Gránu og fimm vetra hest sem heitir Silfri. Dana er hins vegar fjögurra vetra og fædd í Ástralíu.

Estella ætlar að skella sér í hrossaræktun og segist vera farin að leggja drög að annarri ferð með Íshestum.



DANA OG KENGÚRURNAR Líklega er þetta fyrsta myndin á heimsvísu sem tekin er af íslenskum hesti í félagsskap kengúra, en hana tók Estelle Hobbins eigandi íslensku hryssunnar Dönu.

Forstjóri Neytendastofu:

Tryggvi ráðinn í stöðuna

NEYTENDUR Tryggvi Axelsson lögfræðingur hefur verið skipaður í stöðu forstjóra Neytendastofu. Tryggvi var forstjóri Löggildingarstofu frá árinu 2003 en sú stofnun var lögð niður vegna gildistöku nýrra laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Hann starfaði í viðskiptaráðuneytinu 1986-2003 að viðskipta- og neytendamálum. Auk embættisprófs í lögfræði og málflutningsréttinda hefur Tryggvi MBA gráðu í viðskiptafræðum og stjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Hann tekur við störfum í dag. ■

BANDARÍKIN

ÓFRESKJA DÆMD TIL DAUÐA Dómstóll í Kaliforníu hefur dæmt Marcus Wesson til dauða fyrir að myrða níu börn sín. Lík barnanna fundust í fyrravor, en þau hafði Wesson eignast með mörgum konum, þar á meðal nokkrum dætrum sínum. Wesson hefur einnig verið sakfelldur fyrir sífjaspell og nauðganir.

NOREGUR

ÓK BÍL INN Í MÖTUNEYTI Eftir þrjár tilraunir tókst konu nokkurri að aka bifreið sinni inn í mótuneyti sjúkrahússins í Asker, nærri Osló, á þriðjudagskvöldið. Lögreglan handsamaði ökuníðinginn skömmu síðar en ekki er vit að hvað henni gekk til.

Ísland fær um 300 milljónir

Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins hefur úthlutað 272 milljónum króna í fjögur verkefni sem Íslendingar taka þátt í. Nýverið fengu fimm verkefni vilyrði um styrk. Alls tekur Ísland þátt í 27 verkefnum sem í gangi eru á vegum Norðurslóðaáætlunarinnar.

EVROÞUSAMSTARF Ísland er þátttakandi í fjórum af fimm verkefnum sem stjórn Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins samþykkti að styrkja á fundi sínum fyrir skömmu. Heildarúthlutun til verkefnanna fimm er 381 milljón króna, en verkefni fjögur sem Ísland tekur þátt í fá rúmar 272 milljónir króna. Að meðtöldum verkefnum sem samþykkt voru nú tekur Ísland þátt í 27 verkefnum á vegum áætlunarinnar.

Ísland leiðir eitt verkefni fjögurra, en það snýst um sjúkraflutninga og -þjónustu í dreifðum byggðum, en þátttakendur hér eru FSA Háskólasjúkrahús á Akureyri og Sjúkraflutningaskólinn. Verkefnið fær 54,5 milljónir króna frá Norðurslóðaáætluninni fram til ársins 2007. „Verkefnið tengir saman fólk með sérhæfða þekkingu og reynslu í sjúkraflutningum og skipulagi þeirra í fámennum og dreifbýlum svæðum, með það að markmiði að greina skipulagið, þekkingu og hæfni þeirra sem stunda sjúkraflutninga á þessum svæðum,“ segir í lýsingu verkefnisins. Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, segir enn unnið að lokafjármögnun verkefnisins,



SJÚKRABÍLL FASTUR Í SNJÓ Sjúkraflutningum í dreifðari byggðum geta fylgt vandamál sem ekki þarf að takast á við í þéttbýli, en Norðurslóðaáætlun ESB hefur veitt vilyrði fyrir styrk til rannsóknna á þeim málum. Norðurslóðaáætlunin nær til norðursvæða Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Skotlands, ásamt Grænlandi, Færeyjum og Íslandi.

því Norðurslóðaáætlunin styrkir ekki verk nema að hámarki 60 prósent. „Verkefnið er stórt og mikið og ákjósanlegt fyrir landið og sjúkraflutninga hér að vera með,“ segir hún og kveðst mjög ánægð með þá viðurkenningu sem verkefnið hafi fengið með úthlutuninni. Auk Íslands, taka nyrðri byggðir í Svíþjóð þátt og svo suð-

ureyjar Skotlands, auk þess sem fleiri gætu bæst við. „Þetta er tveggja og hálfis árs verkefni og við sjáum fram á að þetta skili okkur töluverðu um skipulag á sjúkraflutningum og hvernig nýta má mannskap betur.“

Hin verkefni þrjú sem fengu vilyrði um styrk eru af ýmsum toga. Eitt snýst um öryggi á sjó,

en að því kemur Landhelgisgæslan og Háskóli Íslands, annað er framhaldsverkefni um atvinnuráðgjöf, sem Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands kemur að og svo er verkefnið *Spatial North* sem snýst um áætlanagerð og að kemur bæði Skipulags- og Byggingastofnun.

olirik@frettabladid.is

Breiðband Símans:

Lokað á Sirkus

FJÖLMIDLAR Síðdegis á mánudag, þremur dögum eftir að hafið var að senda sjónvarpsstöðina Sirkus út á merki PoppTívi, var lokað á útsendingar Sirkus á breiðbandi Símans. Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir ástæðuna þá að enginn samningur sé til á milli 356 ljósvakamiðla og Símans um að dreifa Sirkus á breiðbandinu eða um ADSL kerfi Símans; „En við höfum boðist til að dreifa öllu efni fyrir 365.“

Samningur var fyrir hendi um að PoppTívi yrði dreift á

breiðbandinu og segir Gunnar Smári Egilsson, framkvæmdastjóri 365 að Sirkus sé nú alls staðar dreift á sama dreifikerfi og þar sem áður var Popp Tívi. „Okkar breyting er ekki ólík nafnabreytingu, og það er sérkennileg túlkun hjá Símanum að ekki þurfi að efna samninginn, þó við breytum nafni sjónvarpsstöðvarinnar. Að loka fyrir útsendingu á breiðbandinu gagnast Símanum ekki en er skaði fyrir 365 og þó sérstaklega fyrir þau heimili sem hafa breiðbandið.“ ■



EITT ANDLITA SIRKUS Guðmundur Steingrímsson sér um kvöldþáttinn á Sirkus, sem er ekki dreift á breiðbandi Símans, þar sem sjónvarpsstöðin heitir ekki PoppTívi.



MÁLÍÐ ÞINGFEST Við þingfestingu máls Kers hf. á hendur ríkinu og samkeppnisfyrirvöldum lagði fyrirtækið fram fjölda gagna, en meðal annars var endurskoðunarfrýrtæki fengið til að fara yfir hugsanlegan ávinning af samráði olíufyrirtækjanna.

Mál Kers þingfest:

Vill fá sektir felldar niður

DÓMSTÓLAR Þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær kærta eignarhaldsfélagsins Kers, sem á Olíufélagið Essó, á hendur ríkinu og samkeppnisfyrirvöldum til að fá ógiltan fyrri úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá því í janúar um samráð olíufélaganna. Varakrafa Kers felur í sér niðurfellingu eða lækkun 495 milljóna króna sektar samkeppnisfyrivalda. Olís og Skeljungur, sem einnig hlutu sektir, undirbúa eigin stefnur á hendur ríkinu.

Þá var einnig þingfest í gær skaðabótamál Neytendasamtakanna á hendur Keri vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna.

- ókvi


DV

KEYPTI 20 MILLJÓN KRÓNA PARHÚS Í HVERAGERÐI MEÐ HEITUM POTTI OG SÓLPALLI:

Linda flytur í heilsuþæinn

Barnið kemur í næsta mánuði

þeirir þegar aðrir þegja!



66° Norður opnar í Debenhams

Í dag opnum við nýja verslun 66°Norður í Debenhams í Smáralind og bjóðum alla velkomna. 66° Norður hefur veitt landsmönnum bestu verndina í íslenskri veðráttu frá árinu 1926, með þægilegum, fallegum og hlýjum fatnaði, jafnt úti á sjó sem úti í garði. Verið velkomin í 66° Norður í Debenhams í Smáralind.

DEBENHAMS

SMÁRALIND



Í ÁTT TIL AUSTURS Shaukat Aziz, forsætisráðherra Pakistans, veifar blaðamönnum úr rútu á leið til indverska hluta Kasmirs-héraðs.

Ákært fyrir húsbrot og stórfelld eignaspjöll:

Bretinn mætti einn fyrir dóm

DÓMSMÁL Paul Geoffrey Gill, 33 ára gamall Breti, mætti einn til þingfestingar máls á hendur honum og tveimur Íslendingum, Ólafi Páli Sigurðssyni og Örnú Ösp Magnúsdóttur, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Íslendingarnir eru sagðir vera í mótmælatjaldi við Kárahnjúka.

Premeningarnir sprautuðu grænlituðu skyri á ráðstefnugesti í lokuðum sal á hóteli Nordica í Reykjavík þriðjudaginn 14. júní. Þau eru kærð fyrir húsbrot og stórfelld eignaspjöll, en bóta upp á tæpar 2,9 milljónir króna er krafist vegna skemmda af skyrinu. Fólkið var að mót-

mæla meintum náttúruspjöllum sem álver og meðfylgjandi virkjanaframkvæmdir hafa í för með sér, en ráðstefnan snerist um áliðnað. Þar voru meðal annarra saman komnir fulltrúar Alcoa, Bechtel og Landsvirkjunar.

Skyrvökvinn fór á fólki, en einnig á vegg, gólfteppi, stóla og aðra innanstokksmuni. Í ákæru er tjónið metið á tæpar 2,3 milljónir króna, en innandyrá eyðilagðist IBM Thinkpad T41 fartölva, AG Neovo 17 tommu tölvuskjúr, IBM Thinkvision snertiskjúr, þrjár hljóðnemas og stórt sýningartjald.

-óka



SLETTUMÁLID ÞINGFEST Rúmlega þritugur Breti, að nafni Paul Geoffrey Gill, var einn mættur í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær, þegar þingfest var mál Lögreglustjórans í Reykjavík á hendur honum og íslenskum karli og konu.



BÓLUSETNINGARSKRÁ Heilbrigðisfyrirvöld vilja koma upp miðlægum grunni sem hefur að geyma allar bólusetningar fólks.

Heilbrigðisfyrirvöld:

Bólusetningar í miðlæga skrá

HEILBRIGÐISMÁL Miðlæg bólusetningarskrá er það sem koma skal, nái tillögur stýrihóps á vegum sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra fram að ganga.

Tilraunaverkefni sem verið hefur í gangi hér á landi gerir ráð fyrir að upplýsingar um bólusetningar flytjist sjálfvirkir með rafrænum hætti inn í miðlæga skrá. Einnig er fyrirhugað að starfsmenn einstakra heilbrigðisstofnana geti sótt upplýsingar um bólusetningar einstaklinga í grunninn með rafrænum hætti. Miðlæg bólusetningarskrá er þannig úr gærð gerð að fyllsta öruggis um persónuupplýsingar hinna bólusetta skal gætt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu. ■

LÖGREGLUFRETTIR

SÖGULEGT LÁGMARK Í SJÚKRAFLOTNINGUM Mjög rólegt var hjá flestum embættum lögreglunnar aðfaranótt fimmtudags. Slökkviliðið í Reykjavík sagði að fjöldi sjúkraflutninga hlyti að hafa nálgast sögulegt lágmörk, og lögreglan í Reykjavík tekur í sama streng. Að sögn lögreglunnar á Höfn í Hornafirði hringdi síminn ekki einu sinni alla nóttina. Landsmenn búa sig nú undir eina mestu ferðahelgi sumarsins og því miður ekki hægt að búast við sömu rólegheitunum hjá lögreglu komandi nætur.



ÚTSÖLUR HAFNAR Í KRINGLUNNI Eins og sjá má var verslunarmiðstöðin frekar tómleg þrátt fyrir að kjarakaup byðust í flestum verslunum á þessum fyrsta útsöludegi.

Útsölur byrja rólega

Sumarútsölur hafa víða hafist fyrr en venja er til og telja kaupmenn að það útskýri að einhverju leyti hversu hægt þær fara af stað. Algengt er að afslættir þessa fyrstu daga séu frá 30 til 50 prósent.

NEYTENDUR Sumarútsölurnar eru nú víða hafnar í höfuðborginni og víðar og eru kaupmenn almennt sammála um að hægt sé að gera svipuð kaup á þeim og í fyrri. Afsláttur er algengur frá 30 – 40 prósentum og fer hækkandi eftir því sem á líður. Mörgum finnst þó nóg um að útsölutíminn skuli vera orðinn heill mánuður og telja það útskýra að hluta hversu útsölur fara rólega af stað.

Meðal þeirra verslana þar sem útsölur eru hafnar og Fréttablaðið heimsótti í gær voru Hagkaup, BT, Húsgagnahöllin, Esprit, Accessorize og Útilífi. Var greinilegt að margir á viðkomandi stöðum höfðu eingöngu komið til að gera góð kaup á útsölunum en

flestir kaupmenn voru þó á því að útsölurnar færu rólega af stað. Tóku nokkrir viðskiptavinir undir það og sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir að útsölurnar væru byrjaðar fyrr en komið var á staðinn.

Ekki var meira af fólki í Kringlunni þennan fyrsta dag útsölunnar en venja er en flestar verslanir þar auglýsa góðan afslátt á vörum sínum. „Þetta er fyrsti dagurinn og þetta fer rólega af stað,“ sagði Ingibergur Jóhannsson, verslunarstjóri hjá Útilífi í Kringlunni. „Þetta er stór ferðahelgi og enginn hefur fengið útborgað enn sem komið er. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig gengur um helgina en mig grunar

ad mörgum finnst þessi langi útsölutími verið kominn út í öfgar. Útsalan er allan júlímánuð og fólk hinkrar við enda algengt að verð lækki þegar líða fer á útsölurnar.“

Rósa Guðjónsdóttir, verslunarstjóri í Esprit, tók í sama streng. „Þetta byrjar með ágætum hjá mér en það eru færri á ferð en ég hefði kannski búist við miðað við útsölur hér sem almennt eru vel sóttar. En þetta er fyrsti dagurinn og kannski ekki mark á takandi ennþá. Mér sýnist verð og afsláttur nú vera með svipuðu móti og á síðasta ári og þær útsölur voru almennt afar góðar þannig að þetta lofar góðu fyrir viðskiptavininn.“ albert@frettabladid.is



AF FJÖLLUM Mæðgurnar Halldóra og Sigríður voru hissa á að útsölurnar væru hafnar.

Halldóra og Sigríður: VISSU EKKI AF ÚTSÖLUNNI

„Ég gerði mér nú ekki grein fyrir því að útsölurnar væru hafnar og þetta kom mér á óvart,“ sagði Halldóra Björnsdóttir en hún var að versla í Útilífi í Kringlunni ásamt dóttur sinni Sigríði Þóru Birgisdóttur.

Halldóra sagði koma sér á óvart að útsölur væru hafnar en það kæmi sér engu síður vel. „Okkur vantaði góðan léttan sumarjakka og komum hingað með það í huga en ég hef ekkert kynnt mér verðin hér á útsölunni. Mig grunar að fólk almennt hafi nú ekki gert sér grein fyrir að þær séu hafnar.“



GÓÐ ÚTSALA Fanny var sátt við þann afslátt á barnafötum sem í boði var á útsölunni í Hagkaupum.

Fanny Hrafnkelsdóttir: VANTAÐI BARNAFÖT

Til leigu glæsilegt rúmgott skrifstofuherbergi með aðgengi að kaffistofu á besta stað í miðborg Reykjavíkur. Parket á gólfum og allt fyrsta flokks. Vönduð skrifstofuhúsgögn, simkerfi og öryggiskerfi getur fylgt með í leigunni. Á sama stað er til sölu vönduð skrifstofuhúsgögn, þar á meðal skrifborð, fundarborð, skápar, stólar, peningaskápur og fleira.

Upplýsingar í síma 896-2822.

Vélamenn og verkamenn.

Vana grófumenn vantar með vinnuáreiðingum eins verkamenn og menn í hellulagnir, einnig vöribílstjóra með meira-þróf.

Uppl. í s. 822 2661.

Meiraprófsbílstjóri-Hráefnisvinnslan.

Óskum eftir vönum og röskum meiraprófsbílstjóra á stóran sendibíl með lyftu. Starfið felst í útkeyrslu til verslana Domino's Pizza á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er virka daga frá kl. 8.00-16.00. Hárafna-vinnslan býður þér að fylla út umsókn og eiga þannig möguleika á því að taka þátt í stöðugri þróun og örurum vexti fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjólá Sæmundsdóttir, helga@dominos.is

Mötuneyti - kvöldvakt

Öföng óskar eftir starfsmanni til að sjá um mötuneyti frá kl. 16-20 alla virka daga og á laugardögum frá 8-13. Starfið fellst í eldun og afgreiðslu fyrir u.p.b. 20 manns.

Frekari upplýsingar gefur Svala í síma 530-5600.

Hrói Höttur

Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki á grill. Fólk eldri en 35 ára sérstaklega velkomnið. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

Verkstaðisvinna

Vörubíla- og Vinnuáreiðingastæðið óskar eftir góðum starfsmanni vönum viðgerðum á stórum tækjum. Vögnum, lyfturum og sambænilegum tækjum. Þarf að vera stundvís, áreiðanlegur og geta unnið sjálfstætt. Meirapróf æskilegt. Uppl. gefur Björn í s. 588 4970 & 893 8681.

Hlíllabátar Ingólfstorgi

Óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, líka á staðnum.

Smíður Óskast

Smíður óskast til starfa í Noregi á Osló svæðinu í fast starf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 0047 934 67159 Ragnar.

Hungry for something different?

Ef þig langar að taka þátt í að byggja upp nýtt og ferskt hótél og uppfylla væntingar gesta okkar, þá ertu velkominn í hópinn. Við getum lofað því að þú verður reynslunni ríkari en einnig getum við lofað skemmtilegri og gefandi vinnu.

Hefurðu áhuga?

Ef svo er, þá reiknum við með því að þú sért:

- Þjónustulundaður
- Sveigjanlegur og orkumikill
- Eigir gott með að vinna í hóp
- Sjálfstæður
- ... og brosmildur!!

Eftirfarandi störf eru í boði:

- Næturverðir í móttöku
- Starfsfólk í gestamóttöku
- Aðstoðarmaður við ýmis störf innanhúss

Við leitum að fólki í hlutastarf og fullt starf!

Senda skal umsóknir og ferilskrár á ensku fyrir 05.07. 2005.

e-mail: aleksandra.babik@radissonsas.com

e-mail: thomas.raaber@radissonsas.com

GSM 822 9017

Radisson SAS 1919 Hotel

Pósthússtræti 101 Reykjavík

1919.reykjavik.radissonsas.com



Einingarverksmiðjan Borg ehf

Smíðir og handlagningar verkamenn á öllum aldri óskast til starfa við framleiðslu á steinsteyptum einingum í verksmiðju okkar í Kópavogi sem fyrst.

Einnig óskum við eftir mönnum við vinnu á byggingarstað.

Upplýsingar í síma 517-8900 eða á netfanginu org@evborg.is



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Ræsting í Breiðholti

Sumaraleysing 4.júlí -12.ágúst kl 10:00 til 11:00 mán til föst. S.533-6020 rosa@raestir.is

Ræsting í Hafnarfirði

Fastráðning Byrjar 4.júlí kl:9:00 til 10:30 mán til föst. S.533-6020 rosa@raestir.is

Múrari óskast

Múrari óskast til starfa, þarf að geta tamið sér sjálfstæð vinnubrögð. Upplýsingar gefur Ari í síma 895 0383.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Handtaska tapaðist í verslun HTH innréttungum 27.6. Finnandi hringi í síma 862 3313.

Einkamál



Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma 5858330.

Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:

Á virkum dögum:	104-02	200-41
101-13 Laugavegur	Dyngjuvegur	200-47 Brekkuhvarf
Snorrabraut	Kleifarvegur	Dimmuhvarf
101-21 Blómvallagata	Kleppsvegur	Grundarhvarf
Brávallagata	Vesturbrún	Melahvarf
Hringbraut	104-04 Laugarásvegur	200-57 Bakkabraut
Ljósavallagata	104-05 Austurbrún	Hafnarbraut
Ásvallagata	104-12 Skipasund	Vesturvör
101-29 Fossagata	104-14 Drekkavogur	210-26 Dalsbyggð
Hörpugata	Hlunnavogur	Hæðarbyggð
Reykjavíkurborg	Njörvasund	210-30 Hlíðarbyggð
Skerplugata	104-26 Dalbraut	Lyngmóar
Þjórsárgata	104-22 Drápuhlíð	210-34 Bæjargil
Þoragata	105-04 Háteigsvegur	Urdarhæð
101-44 Bræðraborgarst.	105-07 Flókagata	210-37 Eskiholt
Drafnarstígur	105-22 Drápuhlíð	Hrúsholt
101-45 Blómvallagata	105-24 Miðtún	Háholt
Brávallagata	105-28 Hofteigur	210-38 Krókamýri
Hofsvallagata	105-38 Gullteigur	Langamýri
Hringbraut	104-34 Dragavegur	220-01 Flókagata
Ásvallagata	105-04 Háteigsvegur	Herjólfsgata
101-49 Aðalstræti	105-07 Flókagata	Klettagata
Lækjargata	105-22 Drápuhlíð	Langeyrarvegur
Pósthússtræti	105-24 Miðtún	Skerseyrarvegur
Tryggvagata	105-28 Hofteigur	220-03 Austurgata
101-54 Spítalastígur	105-38 Gullteigur	Fjarðargata
Týsgata	105-40 Hamrahlíð	Reykjavíkurb.
Óðinsgata	105-45 Mávahlið	Strandgata
104-14 Drekkavogur	107-04 Einimelur	220-04 Austurgata
Hlunnavogur	107-06 Einimelur	Hverfisgata
Njörvasund	107-10 Dunhagi	Mjósund
Sígulvogur	107-12 Fornhagi	Mánastígur
104-20 Skeiðarvogur	107-18 Birkimelur	Sunnuvegur
105-04 Háteigsvegur	107-07 Birkimelur	Tjarnarbraut
105-40 Hamrahlíð	107-12 Fornhagi	Álfaskeið
Sígahlið	107-08 Tómasarhagi	220-05 Austurgata
105-43 Engjateigur	110-05 Brekkubær	Gunnarssund
Sigtún	Melbær	Hraunstígur
107-02 Reynimelur	110-17 Urriðakvísl	Hverfisgata
107-07 Birkimelur	Álakvísl	Urðarstígur
Reynimelur	110-18 Birtingakvísl	220-06 Hraunbrún
Viðimelur	Bleikjukvísl	220-13 Flatihraun
107-08 Tómasarhagi	Bröndukvísl	Mávahraun
110-05 Brekkubær	Stangarhylur	Svöluhraun
Melbær	200-58 Auðbrekka	Álfaskeið
110-17 Urriðakvísl	210-06 Marargrund	220-32 Hamarsbraut
Álakvísl	Sjávargrund	Hellubraut
110-18 Birtingakvísl	Ægisgrund	Hlíðarbraut
Bleikjukvísl	108-06 Grensásvegur	Holtsgata
Bröndukvísl	Heiðargerði	Suðurgata
Stangarhylur	Hvammgerði	220-33 Hringbraut
200-58 Auðbrekka	108-41 Kjarrvegur	Reynihvammur
210-06 Marargrund	Markavegur	Strandgata
110-01 Fagribær	110-01 Fagribær	230-11 Faxabraut
Glæsibær	110-03 Hraunbær	Háholt
110-03 Hraunbær	110-16 Birtingakvísl	Lyngholt
230-13 Hafnargata	110-18 Birtingakvísl	Skólavegur
Hringbraut	Bleikjukvísl	230-13 Hafnargata
Suðurgata	Bröndukvísl	Hringbraut
230-15 Austurbraut	Stangarhylur	Suðurgata
Faxabraut	110-26 Seiðakvísl	Hólabraut
Hringbraut	Árkvörn	Hólbraut
Hólbraut	113-02 Maríubaugur	Njarðargata
230-23 Heiðargarður	113-05 Ólafsgesil	Sólvallagata
Hólmgarður	113-11 Þorláksgesil	240-02 Heiðarhraun
Miðgarður	113-12 Þórðarveigur	Hvassahraun
Norðurgarður	170-01 Eišismýri	Leynisbraut
240-02 Heiðarhraun	Grænarmýri	Staðarhraun
Hvassahraun	Suðurmýri	240-05 Blómsturvellir
Leynisbraut	Tjarnarmýri	Efstahraun
Staðarhraun	170-02 Larnbastaðabr.	Gerðavellir
240-05 Blómsturvellir	Nesvegur	Hólavellir
Efstahraun	Tjarnarbról	Höskuldavellir
Gerðavellir	Tjarnarstígur	Íðavellir
Hólavellir	Grænarmýri	Litluvellir
240-06 Arnarhraun	Kolbeinsmýri	Sólvellir
Borgarhraun	Suðurmýri	240-06 Arnarhraun
Leynisbraut	Tjarnarmýri	Borgarhraun
Leynisbrún	Hólagata	Leynisbraut
240-07 Hellubraut	Mýrargata	Leynisbrún
Laut	Vogagerði	Staðarhraun
Sunnubraut	190-02 Aragerði	Laut
Vesturbraut	190-02 Aragerði	Sunnubraut
Víkurbraut	190-02 Aragerði	Vesturbraut
270-16 Klappahlíð	200-01 Kópavogsbraut	Víkurbraut
800-03 Jórutún	Mánabraut	270-16 Klappahlíð
Miðtún	Sunnubraut	800-03 Jórutún
Ártún	Þinghólsbraut	200-03 Kópavogsbraut
800-18 Engjavegur	200-03 Kópavogsbraut	Meðalbraut
Mánavegur	200-03 Kópavogsbraut	Skjólbraut
Seljavegur	200-05 Borgarholtsbr.	200-05 Borgarholtsbr.
Sigtún	Hlégerði	200-10 Holtagerði
Sléttuvegur	Suðurbraut	200-13 Helguhraut
Tryggvagata	200-10 Holtagerði	Sæbólsbraut
280-03 Brattahlíð	200-13 Helguhraut	200-14 Huldubraut
Dynskógur	200-13 Helguhraut	200-18 Alfhólsvogur
Klettagata	200-14 Huldubraut	200-36 Skálalheiði
Laufskógur	200-14 Huldubraut	Alfheiði
280-08 Borgarhraun	200-18 Alfhólsvogur	104-05 Kringlan
Kjarnheiði	200-36 Skálalheiði	
Lyngheiði	Alfheiði	

90,9

MARKAÐURINN

Háflíði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ymsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Vernda litlu hluthafana

Yfirtökunefnd er ætlað að skoða tengsl milli aðila sem ná yfirráðum.

Greiða á úr álitafnum varðandi yfirtökur með stofnun yfirtökunefndar. Hlutverk nefndarinnar verður að vernda minnihluta-eigendur og rétt fjárfesta þegar kemur að yfirtökum á skráðum félögum.

Viðar Már Matthíasson, formaður nefndarinnar, segir minni hluthafa geta átt á hættu að frjósa inni með hlut. Einnig ætlar yfirtökunefndin að skoða hvort yfirtökuverð sé sanngjarnt og eðlilegt. Að undanfögnu hafa komið upp álitamál um tengsl milli aðila

sem hafa staðið að kaupum á fyrirtækjum. Nefndi Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, dæmi um Og Vodafone, Eimskip og Samherja. Hann segir stofnun yfirtökunefndarinnar vera til að leysa álitamál í kringum yfirtöku sem næst markaðinum.

Yfirtökunefndin hefur algjörlega frjálssar hendur um hvað hún aðhefst. Fyrsta verk nefndarinnar verður að semja eigin starfsreglur en Viðar segist ekki geta sagt til um hvenær þær verði tilbúnar. Nefndin ætlar að birta opinberlega upplýsingar um einstök mál en hún hefur vald til að taka mál upp að eigin frumkvæði, sem og skoða mál sem henni berast.

Yfirtökunefndina skipa auk Viðars, sem er lagaprófessor við Háskóla Íslands, Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, og Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður Capital hf.

Fyrirmynd yfirtökunefndarinnar er sótt til Bretlands þar sem starfandi er yfirtökunefnd (take-over panel) sem fylgist með því að reglum sé fylgt í sambandi við yfirtökur. Nefndin er tilrauna-verkefni til þriggja ára og verður starf hennar endurskoðað þá.

- dh

NEFNDIN HEFUR FRJÁLSSAR HENDUR
Viðar Már Matthíasson, formaður yfirtökunefndarinnar og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.



ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI STRAUMS Íslandsbanki hefur hækkað verðmat sitt á Straumi um þrettán prósent. Bankinn mælir samt með því að hluthafar selji bréf sín til lengri tíma litíð.

Verðmat á Straumi hækkar

Íslandsbanki hefur gefið út nýtt verðmat á Straumi fjárfestingarbanka. Verðmatsgengið hækkar um þrettán prósent, úr tíu krónum á hlut í 11,3. Markaðsvirði Straums ætti samkvæmt verðmati Íslandsbanka að vera 68,6 milljarðar króna en er um 74 milljarðar.

Bankinn áætlað að Straumur hagnist um 9,7 milljarða á þessu ári en að hagnaðurinn lækki í þrjú milljarða á næsta ári. Í greiningunni er gert ráð fyrir að vöxtur Straums verði um fimm prósent á ári.

Íslandsbanki mælir með því að hluthafar í Straumi selji bréfin sín til lengri tíma litíð en setur markaðsvogun á þau til skemmri tíma.

- eþa



SPÁNNÝR NISSAN MURANO Eftirspurn innanlands hefur aukist mikið að undanfögnu. Nýskráningum bíla hefur fjölgað um 47,4 prósent síðastliðna tólf mánuði.

Aukin innlend eftirspurn

Nýskráningar bíla jukust um 68,4 prósent fyrstu fimm mánuði ársins.

Innlend eftirspurn hefur aukist undanfarið og hafa allir helstu mælikvarðar hækkað, segir á vef Hagstofu Íslands.

Kreditkortavelta heimilanna var 12,5 prósentum meiri á tímabilinu janúar til maí en á sama tíma á síðasta ári. Veltan hefur aukist um 6,5 prósent síðustu tólf mánuði borið saman við árið á undan.

Debetkortavelta jókst um 27 prósent fyrstu fimm mánuði ársins og er tólf mánaða aukning 20,1 prósent. Samtals hefur innlend greiðslukortavelta aukist um 13,6 prósent síðastliðna tólf mánuði.

Kreditkortavelta Íslendinga erlendis jókst um 20 prósent á þessu fimm mánaða tímabili og hefur aukist um 14 prósent síðustu tólf mánuði. Erlend greiðslukortavelta hérlendis dróst saman um 8,2 prósent fyrstu fimm mánuði þessa árs.

Nýskráningar bíla jukust um 68,4 prósent fyrstu fimm mánuði ársins og hefur nýskráningum fjölgað um 47,4 prósent síðastliðna tólf mánuði.

- jsk

DEBENHAMS



**10%
AUKA
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA**

e-korthafar fá **10% afslátt** aukalega af öllum vörum á útsölu í Debenhams 1.–10. júlí.

e kort
www.ekort.is

MARLON BRANDO (1924-2004)
lést þennan dag.



„Leikari er maður sem hlustar ekki nema þú sért að tala um hann sjálfan.“

- Marlon Brando hlaut heimsfrægð fyrir leik sinn í myndum á borð við *Sporvagninn Gírd* á sjötta áratugnum og hafði áhrif á leik margra annarra leikara, svo sem James Dean og Paul Newman.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Arafat snýr aftur úr útleið

Þennan dag árið 1994 sneri Jasser Arafat aftur á Gaza-svæðið eftir 27 ára útleið. Klæddur í sín venjulegu hermannafléttu og með einkennandi köflóttan höfuðklút sýndi leiðtogi PLO sigurmerkið þegar hann fór yfir landamærin til Rafha frá Sínaí-eyðimörkinni í Egyptalandi. Áður en hann hélt af stað í þyrlu frá Kaíró með forseta Egyptalands, Hosni Mubarak, sagði Arafat: „Nú sný ég aftur til frjálsra svæða í Palestínu í fyrsta sinn“. Heimsókn Arafats kom í kjölfar samkomulags við ísraelsk yfirvöld um að Palestínunum hlutu sjálfstjórn á Gaza-svæðinu og á



1. JÚLÍ 1994

Vesturbakkanum en það var hluti þeirra svæða sem Ísraelsmenn unnu í sex daga stríðinu 1967. Í Gaza-borg hélt Arafat þrumandi ræðu af svölum fyrirverandi höfuðstöðva yfirmanns ísraelska hersins

en um 200 þúsund Palestínunum hlýddu á ræðuna á torginu. Jasser Arafat og Jitshak Rabin forsætisráðherra Ísraels hlutu friðarverðlaun Nóbels þetta ár. Árið 1996 var Arafat kjörinn forseti en sama ár vildi nýkjörinn forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, hægja á sjálfstæðisferli Palestínu og missættið milli Ísraels og Palestínumanna jókst. Þá töldu Bandaríkin einnig að Arafat væri flæktur í hryðjuverkastarfsemi og stæði friði fyrir þrifum. Jasser Arafat lést eftir nokkur veikindi árið 2004 og enn hafa ekki náðst sættir milli Palestínumanna og Ísraels.

MERKISATBURÐIR

- 1845** Endurreist Alþingi kemur saman til fundar í fyrsta sinn í Reykjavík.
- 1867** Kanada hlýtur sjálfstæði frá Bretum.
- 1875** Alþingi tekur til starfa sem löggjafarþing í samræmi við nýja stjórnarskrá.
- 1886** Landsbanki Íslands, fyrsti bankinn á landinu, tekur til starfa.
- 1928** Líflátshegning er numin úr lögum.
- 1930** Búnaðarbankinn tekur til starfa.
- 1997** Bretar afhenda Kínverjum Hong Kong eftir 150 ára breska stjórn.
- 2000** Hátíð hefst á Þingvöllum til að minnst þess að eitt þúsund ár eru síðan kristni var lögtekin hér á landi.

ANDLÁT

Július Bernburg, fyrirverandi bifreiða-efirlitsmaður, lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí sunnudaginn 12. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Aðalbjörg Sigurðardóttir frá Fremri-Hlíð í Vopnafirði, Fellsmúla 14, Reykjavík, andaðist 17. júní. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.
Margrét Jóhannsdóttir, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður til heimilis á Framnesvegi 23, Reykjavík, lést á Sóltúni mánudaginn 27. júní.
Ragnar Fjalal Lárússon andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 26. júní.
Ólöf Auður Erlingsdóttir, Eikjuvogi 1, Reykjavík, áður Álfabyggð 18, Akureyri, lést á Landakotsspítala mánudaginn 27. júní.
Sigurjón Björnsson, fyrirverandi stöðvarstjóri Pósts og síma í Kópavogi, lést að Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 29. júní.

JARÐARFARIR

- 11.00** Nanna Unnur Bjarnadóttir, fyrrum húsfreyja, Brekku í Lóni. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju. Jarðsett verður í Stafafellskirkjugarði.
 - 13.00** Knútur G.F. Kristjánsson húsa-smíðameistari, Arnarhrauni 23, Hafnarfirði, verður jarðsunninn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.
 - 13.00** Sigurður Sigurðsson kaupmaður, versluninni Hamborg, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.
 - 13.00** Ragnar Guðjónsson úr Landeyjum verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju.
 - 13.30** Jóhann Páll Ingólfsson, Uppsölum, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsunninn frá Munkaþveráarkirkju.
 - 14.00** Fanney Halldórsdóttir frá Sviðningi, Skagabyggð, verður jarðsunninn frá Hofskirkju, Skagabyggð.
 - 14.00** Hafsteinn Ármann Ísaksen, fyrrum verkstæðisformaður, Njarðvíkurbae, til heimilis að Kirkjuvegi 5, Keflavík, verður jarðsunninn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.
 - 14.00** Þorgeir Haraldsson, Bjarkargrund 39, Akranesi, verður jarðsunninn frá Akranesarkirkju.
 - 15.00** Árni Finnbjörnsson, Hvassaleiti 39, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Kópavogskirkju.
- Þorbjörg Sigurðardóttir, Hveramörk 2, Hveragerði, verður jarðsunninn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 2. júní kl. 14.00.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

AFMÆLI

Niels Áni Lund, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, er 55 ára.



Björn Kr. Leifsson, eigandi World Class, er 46 ára.



Hreimur Örn Heimisson tónlistarmaður er 27 ára.



Eiríkur Örn Norðdahl ljóðskáld er 27 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG

- 1804** George Sand rithöfundur.
- 1908** Estee Lauder, stofnandi snyrtivörukeðju.
- 1934** Sydney Pollack kvikmyndaleikstjóri.
- 1952** Dan Aykroyd leikari.
- 1961** Dána prinsessa.

989 BYLGJAN
Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24



Þórhallur miðill



40 ára afmæli

Arnar Guðmundsson

- Þá er áfanganum náð og 40 ár undir belt. Af því tilefni langar mig að bjóða þeim vinum og vandanömmum sem þiggja vilja í glens og léttar veitingar á sólpallinum í Kotágerði 8 laugardaginn 2. júlí næstkomandi kl. 20.00. Gerið ráð fyrir veðri og næturlöngum gleðskap. Vonast til að sjá sem flesta.



BARNABÓKAHÖFUNDUR Ragnheiður vill að skólinn taki aukinn þátt í því að leida börn á vit bókmennta.

RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR: HLAUT NORRÆNU BARNABÓKAVERÐLAUNIN Óendanleg draumóramanneskja

„Ég held að barnabækur hafi aldrei verið mikilvægari en einmitt núna,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir, sem fékk afhent Norrænu barnabókaverðlaunin í vikunni. Hún heldur því fram að bækur hafi gildi umfram lestur, þær séu mannþætandi og þroskandi. „Börn komast í kynni við svo margt í bókum sem þau komast ekki í kynni við öðruvísi,“ segir Ragnheiður og vill að skólinn taki aukinn þátt í því að leida börn á vit bókmennta því ekki sé sjálfgefið að þau lesi heima.

„Mér finnst óskaplega skemmtilegt að skrifa barnabækur og vil ekkert frekar gera,“ segir Ragnheiður, sem á sjálf fjögur börn sem hafa gefið henni

ýmsar hugmyndir að sögum. Til að mynda fékk hún kveikjuna að nýjustu bók sinni Sverðberanum frá syni sínum fyrir nokkrum árum. Hann hafði þá stundað svokölluð hlutverkaspil og hvatti hana til að skrifa bók í fantasíustíl.

Hún segir mikið rætt og spjallað á sínu heimili og oft fái hún viðbrögð við verkum sem hún er að skrifa frá börnum sínum og barnabörnum. Hún skrifar sögur fyrir ung börn og lengri bækur fyrir unglöng og finnst skemmtilegt að breyta til og hoppa á milli aldrusstiga.

Ragnheiður ólst upp á listrænu heimili og var því vön því að allir í kringum hana fengjust við listir.

„Ég er alveg óendanleg draumóramanneskja og erfiðara að halda sig við veruleikann,“ segir Ragnheiður hlægjandi en móðir hennar er Sigrún Guðjónsdóttir bæjarlistamaður Hafnarfjarðar og amma hennar var Ragnheiður Jónsdóttir rithöfundur.

Listir eru því eitt aðal áhugamál Ragnheiðar og virðist listin renna í æðum fjölskyldunnar því dóttir hennar er leikkona og elsti sonurinn balletdansari. Ragnheiður er kennari að mennt og hélt eitt sinn að hún myndi frekar fást við fræðilegan þátt listarinnar. „En það er miklu skemmtilegra að skapa sjálfur en að skrifa um eitthvað aðrir hafa gert,“ segir Ragnheiður glæðlega. ■

NÝR HÁSKÓLI Í REYKJAVÍK:

Sameinast og skipta um skilti

Lögformleg sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans er í dag, 1. júlí 2005. Af því tilefni var í gær skipt um skilti á báðum skólum og ný skilti með nafni og merki skólans sett upp í staðinn. Sameinadur skóli heitir Háskólinn í Reykjavík og nýtt merki skólans er tígulformað og vísar til spjaldhúfu útskriftarnema.

EKKI verður haldið sérstaklega upp á daginn að sögn Guðfinnu Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, en hátíðahöld verða því meiri í tengslum við skólasetningu nýja skólans 19. ágúst næstkomandi.

Búist er við því að nemendur nýja skólans verði nálægt 2.500 talsins.

Skólarnir verða áfram í aðskildum byggingum en Kringlusvæðinu og Höfðabakka en leigð verður aðstaða í Húsi verslunarinnar og í gömlu prentsmiðju Morgunblaðsins. Búið er að velja skólanum



NÝTT MERKI Hið nýja merki Háskólans í Reykjavík er tígulaga og vísar til spjaldhúfu útskriftarnema.

framfærðarstað í Vatnsmýrinni og er stefnan sett á að skólinn flytji í sameiginlegt húsnæði í ágúst 2008.

Háskólanum stóð einnig til boða framfærðarsvæði í Garðabæ en eftir

mikla yfirlegu var ákveðið að velja skólanum stað í Vatnsmýrinni þar sem fyrir eru Erfðagreining og Háskóli Íslands. ■

SONY DAGUR Í BT SMÁRALIND Í DAG

Sony Experience Team verður í dag föstudag
í BT Smáralind milli kl 13.00 og 18.00

Komdu til okkar í dag og láttu sérfræðinga frá SONY kynna þér allt það nýjasta í dag í flötum sjónvörpum, myndavélum, MP3 spilurum og myndbandstökuvélum. Fjöldi frábærra tilboða og eins fá allir sem kaupa Sony hjá BT í dag óvæntan glaðning.

SONY

SONY 42" PLASMA KEP42M151

- 42" Alis Plasmaskjár
- Wega Engine
- 852x480 upplausn
- 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
- Textavarp
- Magnari 2x10W
- Virtual Dolby SRS TruSurround
- 3x scarttengi/2 RGB/1 Component/1 S-VHS
- Fjarstýring
- H 75 cm B 107 cm D 11 cm

** 26.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

323.988

STADGREITT



3D Kamfilter

Með 3D Digital Kamfilter er tryggt að öll smáatriði í myndinni séu enn skarpari og skýrari

Wega Engine

Skerpan er enn betri með DRC-MF tækninni sem eykur upplausn myndarinnar bæði lárétt og lóðrétt og 14 bita myndtækni gefur skerpu og litaaðgreiningu þannig að unun er að horfa á.



**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðst með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



SONY

SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-PC53

Litaskjár

Stór 3" hágæða bjartur Hybrid skjár þar sem allar aðgerðir eru framkvæmdar á skjánum í stað hefðbundina hnappa. Þægilegra og einfaldara verður það ekki.

Tengistöð

fylgir með og þú setur vélinar í stöðina og allt komið í samband - Tær snilld

Linsa

frá Zeiss tryggir hámarks dýpt og litaaðgreiningu myndarinnar. Í linsum er Carl Zeiss trygging fyrir gæðavöru sem þú getur treyst.



** 4.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

59.988

FYLGIR

SONY

SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22

Carl Zeiss linsa

Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaaðgreiningu myndarinnar

Tengistöð

Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna sem og hlaða rafhlöðuna. Ekkert snúruvesni!

CCD myndflaga

800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

640X aðdráttur

Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.



SMART DIGITAL CAMCORDER
BEST BUY

2,5" Litaskjár/ Snertiskjár

Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

FYLGIR

** 4.499

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

53.988

STADGREITT

SONY

SONY STAFRÆN MYNDVÉL DSC-T7



5.1 M

** 3.999

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

47.988

Litaskjár

2,5" hágæða bjartur Hybrid skjár þar sem allar aðgerðir birtast.

Linsa frá Carl Zeiss tryggir hámarks dýpt og litaaðgreiningu myndarinnar. Í linsum er Carl Zeiss trygging fyrir gæðavöru sem þú getur treyst.

Hönnun þær gerast ekki þynnri og nettari. Aðeins 134 Grömm og 15mm þykkt.



Kaupauki
256MB
Sony memóristick minniskort fylgir öllum Sony myndavélum þessa vikuna

BT

SONY

SONY STAFRÆN MYNDVÉL DSC-S80

MPEG Movie

Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir og tengja svo t.d við sjónvarp og horfa á í fullum gæðum

Carl Zeiss linsa

Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði



** 2.499

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988

STADGREITT

4.1 M

2" litaskjár

Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80





Heyrst hefur ...

... að Tony Pulis, nýrekin knattspyrnustjóri Stoke City, hafi samið við framherjann Mamady Sidibe án vitundar íslensku stjórnarmannanna. Þess má geta að ensku stjórnarmennirnir komu af fjöllum þegar þeir heyrðu að Pulis hefði verið rekinn af íslensku stjórnarmönnum. Já, starfsaðferðirnar í Stoke eru um margt frábrugðnar því sem eðlilegt þykir.

sport
sport@frettabladid.is

MARKVÖRÐURINN BIRKIR KRISTINSSON: HEFUR ALDREI BYRJAÐ JAFN ILLA

Ljóst að liðið er ekki nægilega öflugt

ÍBV hefur fengið á sig 18 mörk í fyrstu átta umferðum Landsbankadeildarinnar. Markvörður liðsins, Birkir Kristinsson, hefur aldrei fengið jafnmörg mörk á sig í byrjun Íslandsmeistarabikjunnar, hann fékk þó á sig 16 mörk í fyrstu átta umferðunum hjá Fram 1995 en það ár féll liðið úr deildinni. „Það er bara nokkuð ljóst að við erum ekki nægilega öflugir. Leikmannahópur okkar er mjög þunnt skipaður um þessar mundir og þetta verður erfitt. Það er liðið í heild sinni sem á að vinna í því að halda markinu hreinu og okkur hefur aðeins tekist það í einum leik það sem af er.“ sagði Birkir Kristinsson, sem fékk 20 mörk á sig allt tímabilið í fyrra.

„Ég tel þetta vera hæfa einstaklinga sem eru þarna. Við höfum lítið spilað allir saman og vonandi fer þetta að smella. Það er alveg ljóst í hvað stefnir hjá okkur. Við verðum bara að reyna að berjast fyrir hverju einasta stigi sem býðst og svo kemur í ljós hverju það skilar okkur í lokin.“



Þegar Birkir var beðinn um að nefna bestu vörn sem hann hafi spilað með valdi hann á endanum vörn Fram 1988. Eftir 13 fyrstu umferðirnar það ár var hann búinn að fá á sig tvö mörk og liðið stóð að sjálfsögðu uppi sem Íslandsmeistari. Einnig kom upp í huga hans sú vörn sem hann var með fyrir framan sig á Skaganum.

Birkir er orðinn fertugur og ætlar að leggja hanskana á hilluna eftir tímabilið, hann telur þó aldurrinn ekki vera ástæðuna fyrir fjölda marka sem hann hefur á sig fengið. „Liðið sýnir miklu meiri baráttu í heimaleikjum og verður að ná þeirri grimmd yfir í útleikina. Við erum með þannig lið að við verðum að eiga toppleik til að vinna. Hugurfarir og leikur okkar þarf að breytast til þess að við náum að bjarga okkur frá falli. Það væri erfitt fyrir þetta lið að falla þar sem það hefur verið ákveðin stöðun hérna og færri efnilegri leikmenn koma upp en áður.“

> Við hrósum ...

... liði Breiðabliks í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu. Auk þess að vera taplaust á toppi deildarinnar gnæfði liðið yfir önnur þegar þeir sem þóttu skara fram úr í fyrri umferð deildarinnar voru verðlaunaðir í gær. Blikar áttu besta leikmanninn, besta þjálfarann og fimm leikmenn í úrvalsliði fyrri umferðarinnar.



> Við däumst að ...

... metnaðinum í forráðamönnum félagsins Neftchi Baku, andstæðinga FH-inga í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Alla leið frá Azerbaidsjan voru mættir tveir nýjrnar frá félaginu til að horfa á leik FH og Fram í gær.



Baráttan skilaði Valsmönnum sigri

Valsmenn eru enn í skottinu á toppliði FH eftir góðan sigur á frískum Þrótturum í Laugardalnum í gær. Valsmenn voru þó nokkuð frá sínu besta en það var fyrst og fremst góð barátta liðsins sem gaf stigin þrjú.

	0-2	
Próttur		Valur
Laugard., áhorf: 741		
Eyjólfur Kristinsson (6)		

0-1 Garðar Gunnlaugsson (27.)
0-2 Hálfán Gíslason (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-4 (3-3)
Varin skot	Fjalar 1 - Kjartan 3
Horn	6-1
Aukaspjrnur fengnar	17-15
Rangstöður	2-3

FÓTBOLTI Valsmenn byrjuðu betur í leiknum og náðu að komast aftur fyrir bakverði Þróttara nokkrum sinnum á fyrsta kortérinu, en miðverðir Þróttara náðu að koma boltanum frá markinu í tæka tíð. Eftir nokkuð góða pressu Valsara, sem alltaf byrja leiki sína af miklum krafti, náðu Þróttarar að koma sér inn í leikinn með ágætum samleik, en náðu ekki að klára sínar sóknir með góðum skotum en það hefur verið þeirra helsti galli í sumari.

Á tuttugustu og sjöundu mínútu dró til tíðinda en þá fékk Baldur Aðalsteinsson boltann á hægri kantinum og sendi hann rակleidis inn á teiginn, þar sem Garðar Gunnlaugsson skallaði boltann fallega í markið. Vel að verki staðið hjá Valsmönnum. Eftir þetta sóttu Þróttarar nokkuð en náðu, sem fyrr, ekki að nýta færin.

Þannig fékk Josef Maruniak algjört dauðafæri inn á markteig en tókst á ótrúlegan hátt að klúðra því. Valsmenn hófu seinni hálfleikinn líft og þann fyrri, af miklum krafti, og voru í tvígang hársbreidd frá því að koma boltanum í netið.

Þróttarar gerðu breytingu á liði sínu eftir fimmtán mínútna leik og við það hresstust þeir. Valsmenn lágu aftarlega á vellinum og vörðust ágætlega, fyrirsjá-

anlegum sóknunum Þróttara. Hálfán Gíslason skoraði síðan annað mark Valsmanna með fallegu skoti fyrir utan teig en hann hafði skömmu áður komið inn á sem varamaður. Þróttarar spiluðu ágætlega úti á vellinum en náðu ekki að skapa sér nægilega mörg markteigfæri. Valsmenn skorðu tvö falleg mörk en sóttu ekki mikið í leiknum að öðru leyti. Þeir vörðust fimlega og börðust vel fyrir hver annan og náðu að innbyrða góðan sigur með vinnusemi og baráttu, eitthvað sem Þróttara skorti.

Halldór Arnar Hilmisson var bestur í liði Þróttara, en þeir verða að ná meiri hraða og snerpu í framlínu sína ef þeir ætla ekki hreinlega að falla. Það hlýtur að vera svekkjandi að spila vel út á vellinum leik eftir leik, en ná ekki að nýta sér það nægilega vel.

Valsliðið sótti og varðist sem ein heild, með Akureyringinn Atla Svein Þórarinnsson og Húsvíkinginn Baldur Aðalsteinsson sem bestu leikmenn.

Páll Einarsson, fyrirlíði Þróttara var svekkur í leikslok. „Það er alltaf leiðinlegt að tapa, en við getum sjálfum okkur um kennt. Við verðum að skora ef við ætlum okkur að ná í stig og náðum við ekki að gera í dag.“

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var eins og gefur að skilja ánægður með sína menn. „Þróttarar spiluðu vel í dag, en við vörðumst þeim ágætlega. Það er erfitt að leika gegn liði sem heldur boltanum jafn vel og Þróttur en okkur tókst að knýja fram sigur með vinnusemi og baráttu.“ -mh, -bb



FYRSTA MARKINU FAGNAÐ. Valsmennirnir Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Sigurbjörn Hreiðarsson og Bjarni Ólafur Eiríksson sjást hér fagna Garðari Gunnlaugssyni sem kom Val yfir í leiknum gegn Þrótti í gær.

PRÓTTUR 3-5-2	VALUR 4-4-2
Fjalar 5	Kjartan 6
Ólafur 5	Bjarni 6
Jens 5	*Grétar 7
(62. Erlingur) 5	Atli Sveinn 8
Eysteinn 4	Steinþór 6
Daniel 5	Matthias 6
Páll 6	Stefán Helgi 6
Haukur 5	Sigurbjörn 5
Halldór 7	(70. Sigurður) 5
Freyr 5	Baldur 7
Þórarinn 4	Guðmundur 6
(62. Ingi) 5	(70. Kristinn) 5
Maruniak 5	Garðar 7
(72. Sævar) 5	(82. Hálfán) -

*MADUR LEIKSINS

Líf og fjör þegar Keflavík og Grindavík gerðu jafntefli í gærkvöldi:

Savic fór á kostum í liði Grindavíkur

	1-1	
Keflavík		Grindavík
Keflavík, áhorf: 740		
Kristinn Jakobsson (7)		

0-1 Sinisa Kević (16.)
1-1 Hörður Sveinsson (20.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-8 (8-2)
Varin skot	Ómar 1 - Savic 6
Horn	4-2
Aukaspjrnur fengnar	10-13
Rangstöður	1-3

FÓTBOLTI Völlurinn í Keflavík var blautur og þungur þegar Keflavík og Grindavík gerðu jafntefli í

Bítlabænum, 1-1. Þrátt fyrir þyngslin var fjör í leiknum og bæði lið gerðu sitt besta til að spila sóknarbolta.

Grindavík braut ísinn með marki Kević en heimamenn létu það ekki á sig fá og Hörður jafnaði metin með laglegu marki skömmu síðar. Fyrstu 20 mínútur leiksins voru mjög fjörugar en leikmenn slókuðu aðeins á klónni eftir mörkin. Helst komu færri þegar leikmenn misstu boltann klaufalega í bleytni og fékk Grindavík ótrúlegt færi á 43. mínútu sem þeim tókst ekki að nýta.

Gestirnir urðu síðan fyrir áfalli rétt fyrir hlé þegar Eyþór Atli fékk sitt annað gula og þar

með það rauða. Eyþór hefði hæglega getað forðast bæði spjöldin en klaufalegar athafnir hans verðskulduðu lítið annað en rautt spjald. Síðari hálfleikur var kaflaskiptur. Keflavík réð ferðinni framan af en eftir að Sinisa Kević færði sig aftur á miðjuna tók Grindavík öll völd á vellinum, sótti grimmt og komst nálægt því að skora.

Síðustu mínútur leiksins voru aftur á móti eign heimamanna enda voru Grindvíkingar þá manni færri og gáfu allt til þess að halda í stigið. Stigið fengu þeir þótt Keflavík hafi verið klaufar undir lokin enda fengu þeir víti og nokkur ákjósanleg færi. Það

KEFLAV. 4-4-2	GRINDAV. 4-3-3
Ómar 7	*Savic 8
Guðjón 5	Eyþór Atli 4
Johannsson 6	Jack 6
Baldur 6	Óli Stefán 6
Milicevic 7	Óðinn 6
Gestur 4	Eysteinn 4
(88. Bjarni) -	Niestroj 6
Hólmar 6	McShane 5
Jónas 6	Óskar Örn 7
Hörður 4	Magnús Sverrir 3
Guðmundur 3	(57. Ahandour) 7
Stefán Örn 6	Kević 7
(76. Gunnar) -	

*MADUR LEIKSINS

var sama hvað þeir reyndu, allt varði Savic og sérstaklega var vítaspyrnan vel varin hjá honum.

Þegar upp var staðið var sannað að liðin skildu skipta með sér stigunum í þessum fjöruga leik í vætunni í Keflavík.

Gestirnir fá sérstakt hrós fyrir mikinn karakter sem getur hæglega bjargað þeim frá falli í sumari.

-hbg

LANDSBANKAÐEILDIN



LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeildin:

FH-FRAM	3-1
PRÓTTUR-VALUR	0-2
KEFLAVÍK-GRINDAVÍK	1-1

STAÐAN:

FH	9	9	0	0	26-5	27
VALUR	9	7	0	2	20-5	21
KEFLAVÍK	9	4	3	2	16-19	15
FYLKIR	8	3	2	3	14-14	11
KR	8	3	1	4	8-11	10
ÍA	8	3	1	4	7-11	10
GRINDAVÍK	9	2	3	4	10-16	9
FRAM	9	2	2	5	10-12	8
ÍBV	8	2	0	6	6-18	6
PRÓTTUR	9	1	2	6	11-17	5

Norski bikarinn:

ROSENBORG-HÖNEFOSS	1-2
START-VALERENGA	2-3
Jóhannes Harðarsson var í byrjunarliði Start en fór útaf Árne Gautur Arason lék að venju allan leikinn fyrir Valerenga	
VIKING-LILLESTRÖM	0-2
Hannes Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Viking.	

ÚR SPORTINU

Fórráðamenn Real Madrid hröktu í gær allar sögusagnir þess efnis að Michael Owen væri á leið frá félaginu í sumar, en hann hefur meðal annars verið orðaður við Man. Utd. Arrigo Sacchi, yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu, segir að Owen hafi aldrei haldið því fram að hann væri óánægður hjá félaginu. „Hann er ekki til sölu því hann er svo sannarlega inni í plönnum þjálfara liðsins,“ sagði Sacchi.

Brasilíski sóknarmaðurinn Ronaldo víðurkennið í gær að hann óttaðist að sæti hans í landsliðinu væri á bak og burt. Brasilía vann Álfukeppnina með sannfærandi hætti í vikunni þar sem Ronaldo fékk frí en í hans fjarveru blómstraði Adriano og fór létt með að tryggja sér byrjunarliðssæti næsta árið með frammistöðu sinni. „Þjálfarinn sagði við mig að ég ætti öruggt sæti í hópnum en ég held að hlutirnir virki ekki þannig. Ég sé ekki eftir því að hafa farið í frí en nú verður erfiðara fyrir mig að vinna sætið aftur.“

Annar leikmaður sem sló í gegn í fjarveru Ronaldo er sóknarmaðurinn Robinho, sem er líklega eftirsóttasti leikmaður heims um þessar mundir. Eftir sigurinn í Álfukeppninni lýsti hann því yfir að hann vildi helst fara til Real Madrid, en Arsenal er einnig að reyna að lokka hann til sín. „Ég hef talað við fulltrúa félagsins og ég held að það yrði gott fyrir feril minn að fara núna,“ sagði Robinho.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JULI

28 29 30 1 2 3 4

Föstudagur

- LEIKIR
- 20.00 KS mætir Völsungi á Siglufirði.
- 20.00 Víkingur Ólafsvík fær Fjölni í heimsókn.
- 20.00 Víkingur tekur á móti Haukum á heimavelli.
- 20.00 KA mætir Breiðabliki á Akureyrarvelli.
- SJÓNVARP
- 07.00 Olíssport á Sýn.
- 07.30 Olíssport á Sýn.
- 08.00 Olíssport á Sýn.
- 08.30 Olíssport á Sýn.
- 16.50 Fótboltakvöld á RÚV.
- 17.00 Landsbankadeildin á RÚV.
- 18.40 Olíssport á Sýn.
- 19.10 Gillette-sportpakinn á Sýn.
- 19.35 Motorworld á Sýn.
- 20.05 World Supercross á Sýn.
- 21.00 World Poker Tour 2 á Sýn.
- 22.30 K-1 á Sýn.
- 23.25 Gullmót í frjálsum á RÚV.



JOE, AVI OG BRYAN SYNIR MALCOLM GLAZER. Synir Malcolm Glazer voru hinir rölegustu er þeir virtu fyrir sér Old Trafford í fyrradag, en þeir lentu í miklum vandræðum þegar æstir stuðningsmenn Manchester United biðu þeirra fyrir utan völlinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Stuðningsmenn Man Utd efast um metnað Glazer: Heimsókn Glazer-feðga veldur uppþoti í Manchester

FÓTBOLTI Hundruð stuðningsmanna Man. Utd mótmæltu harðlega heimsókn Malcolm Glazer og sona hans þriggja til Manchester í fyrrakvöld, þegar þeir skoðuðu Old Trafford, heimavöll félagsins. Heimsóknin átti að vera leynileg en fljótt spurðist út í borginni að feðgarnir væru á staddir á vellinum. Stuðningsmennirnir söfnuðust saman fyrir utan Old Trafford og reyndu að koma í veg fyrir að Glazer feðgarnir kæmst keyrandi í burtu frá vellinum. Glazer á nú orðið níutíu og átta prósent hlut í félaginu og stjórnar því orðið alfarið. Stuðningsmenn liðsins eru ósáttir og mót-

mæla kröftulega dag eftir dag. Upp úr sauð í fyrrakvöld þegar feðgarnir ætluðu að yfirgefa völlinn og þurfti að kalla til tugi lögreglumanna til þess að ná tökum á æstum mannfjöldanum. Feðgarnir komust í burtu í stórum lögreglubli. Glazer hafði deginum áður hitt íþróttamálaráðherra Bretlands, og sannfærði hann ráðherrann um að hann hygðist reyna eftir fremsta megni að láta félagið ná sem bestum árangri í keppnum, en margir stuðningsmanna félagsins hafa efast um að Glazer setji velgengni Manchester United í fyrsta sæti á forgangslista sínum.

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

PHILIPS GSM

SÍMAR MEÐ MEIRA EN 50% AFSLÆTTI

SMELLT
RISSAÐ
SENT

Smelltu af og taktu mynd, rissaðu á skjáinn með Tag-it pennanum og sendu persónulegt MMS póstkort.

Sendu áhrifameiri skilaboð

- Tag-it penni sem auðveldar MMS
- Stór 65K TFT snertiskjár

Gríptu og augnablikið og miðlaðu

- Innbyggð stafræn VGA myndavél
- Geymir mikið gagnamagn (7MB)

Hámarkaðu multimedia upplifunina

- Skapaðu eigin fjölradda hringitona með BeDJ
- Gleymdu stund og stað í Java leikjunum



GSM MYNDAVÉL

SKRIFAÐU Á SKJÁINN

Philips CT755
Örþunnur GSM SÍMI með myndavél, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlaða endist 5klst í tali og 250klst í bið, hægt er að skrifa á skjáinn með penna sem fylgir, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjár með 65.000 liti, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, Low light mode: tekur góðar myndir í litlu ljósi, eða að 5 lux, getur tekið upp hreyfimynd með hljóði, MMS margmiðunarskilaboð, WAP og JAVA 2.0, innrautt tengi, geisladiskur, 3 pennar, rafhlaða og hleðslutæki fylgir. Aðeins 89 gr.

TILBOÐ 14.995
Fullt verð kr. 27.995



GSM MYNDAVÉL

Philips CT859
Örþunnur GSM SÍMI MED MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlaða sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjár með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, tekur upp hreyfimynd með hljóði, með MMS margmiðunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi og hleðslutæki. Aðeins 94 gr.

TILBOÐ 12.995
Fullt verð kr. 29.995



GSM MYNDAVÉL

Philips CT855
Örþunnur GSM SÍMI MED MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlaða sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjár með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, hægt að tengja við sjónvarp og sýna ljósmyndir, tekur upp hreyfimynd með hljóði, með MMS margmiðunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi, þráðlausum búnaði og hleðslutæki. Aðeins 91 gr.

TILBOÐ 16.995
Fullt verð kr. 34.995

ÚTSÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

- REYKJAVÍK OG NÁGRENNI HEIMILISTÆKI, Sættúni - SJÓNVARPSMIÐSTÓÐIN, Síðumúla - HAGKAUP, Raftækjajedeild Smáralind - RAFMÆTTI, Hafnarfirði.
- LANDÍD VERSLUNIN KRÁKUR, Blönduósi - SKAGFIRÐINGABÚÐ, Sauðárkróki
- LJÓSGJAFINN, Akureyri - SINDRI KHB, Egilsstöðum - HS-RAF, Eskifirði - MARTÓLVAN, Höfn - STRAX, Fáskrúðfirði - SAMKAUP, Njarðvík - FOSSRAF, Selfossi - VERSLUNIN PRISTUR, Ísafirði - VERSLUNIN BLÓMSTURVELLIR, Hellissandi - VERSLUNIN HAMRAR, Grundarfirði - VERSLUNIN BRIMNES, Vestmannaeyjum - VERSLUNIN GEISLI-FAXI, Vestmannaeyjum - VERSLUNIN HLJÓMSÝN, Akranesi.

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Fyrri umferð Íslandsmótsins lokið hjá konunum:

Edda og Úlfar valin best í Landsbankadeild kvenna

FÓTBOLTI Edda Garðarsdóttir, sem leikur með liði Breiðabliks, var í gær valin besti leikmaður fyrstu sjö umferða Landsbankadeildar kvenna. Þjálfari hennar, Úlfar Hinriksson, var kosinn besti þjálfari. Edda Garðarsdóttir hefur verið kjölfestan í liði Breiðabliks það sem af er Íslandsmótinu, en félagið er með fullt hús stiga að fyrri umferð lokinni. „Ég bjóst nú ekki við því að vera kosin best. En við höfum spilað vel og náð að einbeita okkur að einum leik í einu, sem er mikilvægt í svona stuttu móti.“

Edda gekk til liðs við Breiðablik frá KR í vetur og segist ekki sjá eftir því núna. „Ég hafði leikið með KR síðan ég var lítil stelpa, þannig að þetta var svolítið erfitt til að byrja með. Þetta er skemmtilegur hópur hjá Breiða-



SÚ BESTA Edda Garðarsdóttir úr Breiðabliki tekur hér við viðurkenningu úr hendi Geirs Þorsteinssonar fyrir að hafa verið besti leikmaður fyrri umferðar Landsbankadeildar kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

LIÐ FYRRI UMFERÐAR:

Póra Björg Helgadóttir	Breiðablik
Ásta Árnadóttir	Valur
Erna Björk Sigurðardóttir	Breiðablik
Pála Marie Einarsdóttir	Valur
Edda Garðarsdóttir	Breiðablik
Greta Mjöll Samúelsdóttir	Breiðablik
Hólmfríður Magnúsdóttir	ÍBV
Laufey Ólafsdóttir	Valur
Hrefna Jóhannesdóttir	KR
Margrét Lára Viðarsdóttir	Valur

bliki og auðvelt að komast inn í hann.“

Mótið er aðeins hálfnað

Úlfar Hinriksson, þjálfari Breiðabliks, segir velgengnina í sumar ekki hafa komið sér á óvart.

„Það er búið að vinna að því hörðum höndum að koma Breiðabliki aftur í fremstu röð, og það eru margir þættir sem skapað hafa þennan ágæta árangur í fyrri umferðinni. Það voru fengnar hingað stelpur sem eru góðir knattspyrnumenn, auk þess sem ungu stelpurnar eru árinu eldri en í fyrra og hafa þroskast mikið sem leikmenn á þessu eina ári. Umgjörðin í kringum kvenna-knattspyrnuna hjá Breiðabliki er sú besta á Íslandi, og það hefur mikið að segja ef félag ætla sér að ná árangri.“

Val á liði fyrstu sjö umferðanna kom ekki á óvart, en liðið var skipað leikmönnum frá Breiðabliki, Val, ÍBV og KR. Fimm leikmenn liðsins fengu fullt hús stiga í valinu, en það voru Póra Helgadóttir og Edda Garðarsdóttir úr Breiðabliki, Laufey Ólafsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val og Hólmfríður Magnúsdóttir hjá ÍBV. -mh



TVÖ MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM Auðun Helgason skoraði fyrsta mark FH í gær og eins og sjá má var honum vel fagnað af liðsfélögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

FH sigraði á seiglunni

FH-ingar sýndu litla meistaratakt á heimavelli sínum í gær en gerðu það sem þurfti til að vinna sigur á Fram. FH er enn með fullt hús stiga eftir níu umferðir.



Kaplakriki, áhorf: 2210 Egill M. Markússon (6)

1-0 Auðun Helgason (31.)
1-1 Ríkharður Daðason (66.)
2-1 Allan Borgvardt (76.)
3-1 Ólafur Páll Snorrason (84.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-9 (10-5)
Varin skot	Daði 4 - Gunnar 7
Horn	1-4
Aukaspjurnar fengnar	12-14
Rangstöður	5-2

FÓTBOLTI Leikur FH og Fram fór mjög rólega af stað og var fyrsta mark FH einnig fyrsta skot þeirra að marki. Atli Viðar Björnsson fór reyndar illa að ráði sínu á 17. mínútu eftir að hafa komist einn inn fyrir vörn Fram. Hann hefði átt að skjóta sjálfur en gaf þess í stað boltann á Ólaf Pál Snorrason sem var vissulega í góðu færi en rangstöður.

Framarar áttu einnig sín færi og voru síst lakari aðilinn í fyrri hálfleik. Markaskorari FH, Auðun Helgason, var reyndar nærri því að skora sjálfsmark stuttu eftir eigið mark en slapp með skrekkin.

Það leit út fyrir að FH-ingar

ætlðu að gera út um leikinn er þeir fengu dæmda vítaspjurnu á 53. mínútu er Kristján Hauksson braut á Allan Borgvardt. Tommy Nielsen tók vítið en Gunnar Sigurðsson varði slaka spjurnu hans. Ekki fyrsta vítið sem Gunnar ver í sumar enda klárlega vítabani mótsins til þessa.

Þess í stað jöfnuðu Framarar með góðri sókn en Þórhallur Dan Jóhannesson átti góða rispu upp vinstri kantinn og gaf beint á kollinn á Ríkharði Daðasyni sem skoraði gott mark. Eftir það færðist talsverð barátta í leikinn en svo fór að FH-ingar náðu að sigla fram úr á lokamínútum leiksins með tveimur mörkum.

Þetta var langt í frá besti leikur FH í sumar en þeir gerðu það sem þurfti. Liðið virtist fremur kraftlaust framman af en hætti aldrei að spila sinn bolta og uppskar eftir því í leikslok. Framarar reyndu hvað þeir gátu en sprungu einfaldlega á limminu á lokakafli leiksins.

„FH er með hrikalega sterkt lið en mér fannst þeir ekkert betri en við í dag. Við vorum að gera betur en í undanförunum leikjum, vorum að berjast og þeir áttu í vandræðum með okkur. Hinsvegar refsa þeir fyrir hver einustu mistök og við gerðum þrjú í dag. Það þarf

ekki mörg stig til að rífa sig frá botninum og það er bara skemmtileg barátta framundan,” sagði Þórhallur Dan eftir leik.

Auðun Helgason skoraði annan leikinn í röð og var ánægður með stigin þrjú. „Fullkomin hornspjurna frá Óla og ég náði að klára. Ég er ánægður með þessa þrautseigju í okkur. Við erum ekkert að spila neitt alltof vel og einbeitingin var ekki í fullu lagi. Við höldum þó áfram að skapa og náðum þremur stigum. Þetta var því góður sigur á frekar slökum degi. Framararnir voru erfiðir en við höldum áfram á beinu brautinni og vonandi klárum við þetta mót sem fyrst,” sagði Auðun.

-esá, egm

FH 4-3-3	FRAM 4-5-1
Daði	7 *Gunnar S.
Freyr	6 Gunnar Þór
Auðun	7 Þórhallur
T. Nielsen	6 Kristján
Guðmundur	7 Eggert
Heimir	6 (59. Nörholt)
Ásgeir	6 Viðar
(79. Baldur)	-
Ingvar	5
Daði Þór	5 H. Matthiesen
Ólafur Páll	6 (75. Kristófer)
Borgvardt	7 Ívar
(89. Ármann Smári)	-
Viðir	5
Atli Viðar	5 (68. Andri Stein)
(68. Hermann)	-
Ríkharður	7

*MADUR LEIKSINS

GOLFKORT KB BANKA

HAGKVÆMUR KOSTUR FYRIR GOLFARA

Golfkort KB banka er fullgilt kreditkort sem veitir kylfingum fjölmörg fríðindi sem tengjast golfi og getur þannig sparað þeim umtalsverðar fjárhæðir. Allir geta sótt um Golfkort, hvort sem þeir eru í viðskiptum við KB banka eða ekki, á golfkort.is, í síma 444 7000 eða næsta útibúi KB banka.



Hnefaleikarinn Mike Tyson:

Ekki dauður úr öllum æðum

HNEFALEIKAR Umboðsmaður hnefaleikarans Mikes Tyson, sem nýlega hét því að stíga aldrei fæti inn í hringinn aftur, hefur sagt frá því að hann sé að undirbúa sérstaka mótaröð þar sem fyrrum stórstjörnur í þungavigtinni munu leiða saman hesta sína.

Jeff Fenech, hinn ástralski umboðsmaður Tysons, sér fram á að kappinn verði að berjast meira til að bjarga sér frá gjaldþroti og hefur í huga að setja á fót nokkra fjögurra lotna bardaga, þar sem fallnar stjörnur eins og Riddick Bowe og Evander Holyfield eru nefndar til sögunnar sem hugsanlegir andstæðingar Tysons. „Þó Tyson hafi ekki lengur það sem til þarf í stóra tíu lotna bardaga er hann enn filhraustur og sannur meistari,” sagði Fenech. -bb

Blásurum til veislu



Básúnublásarinn, útsetjarinn, upptökustjórinn og síðast en ekki síst „Jagúarinn“ Samúel J. Samúelsson elskar lambakjöt en hafði þó aldrei dottið í hug sá möguleiki að kljúfa lærið „í herðar niður“. Honum finnst það frábær nýjung enda hentar það hans fjölskyldustærð mjög vel.

Langskorið lambalæri

(Lambalærið er sagað í tvennt langsum eftir beininu.)

Kryddblanda

1/2 tsk óreganó	1 tsk rósmarín
1/2 tsk salvía	1/2 bolli ólífuolía
1/2 tsk paprikuduft	safi úr hálfri sítrónu
1 tsk sítrónupipar	salt og pipar
1 tsk timjan	

Skýrsósa

- 1 lítil dós hrært ósætt skyr
- 2 hvítlauksgeirar, pressaðir
- 1/2 agúrka, rifin á grófu rifjárn
- 10 fersk mintublöð, smátt söxuð
- 1/2 tsk salt

Stráið salti yfir rifnar agúrkurnar og látið standa í 3–4 mínútur, kreistið rifnu agúrkurnar lítillega og hrærið saman við skýrið ásamt hvítlauk og mintu. Látið sósuna standa í u.þ.b. klst. áður en hún er borin fram.

Biðjið kjötkaupmanninn að skera lambalærið langsum. Blandið öllu þurrkryddinu saman í skál, setjið ólífuolíuna og sítrónusafann saman við og hrærið. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og látið það bíða í 1–2 klst. Setjið á grillið í u.þ.b. 9–10 mínútur á hvorri hlið, snúið því samt nokkrum sinnum svo það brenni ekki. Bragðbætið með salti og pipar. 1/2 lambalæri er tilvalið fyrir 2–3 í mat og einnig er mjög þægilegt að grilla lærið á þennan hátt þó svo að það séu fleiri í mat, það sparar tíma og gefur meiri skorpu.



lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Söngleikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARMIN

Annie

í Austurbæ

Forsýning fim. 14/6 kl. 19 sæti laus
Forsýning fös. 15/6 kl. 19 sæti laus
Frumnýning sun. 17/6 kl. 16 örfá sæti laus

mid.is
551 4700 & 551 0200

Mikið úrval af bakpokum

Tindur (75l.) 9.900 kr.

Pór (15l.) 1.900 kr.

Sútur (25l.) 2.950 kr.

Esja (25l.) 3.200 kr.

66°NORÐUR bakpokarnir fást í verslunum okkar í Kringlunni, Faxafeni, Garðabæ og á Akureyri

næs

Útsalan byrjar í dag, föstudaginn 1 júlí

HÆÐASMÁRA OG GRAFARVOGI

Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

STUÐ MILLI STRÍÐA · Villtir sveinar og geymd bæn

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELITUR FYRIR SÉR NOSTALGÍUNNI



Nostalgía er ákaflega merkilegt fyrirbæri. Hún getur verið afturhvarf til þess tíma þegar okkur leið vel en jafnframt verið flótti til þess tímabils þegar við vorum í öruggu umhverfi. Nostalgía er þó fyrst og fremst persónubundið ástand.

Á vinnustaðnum í gær skapaðist hins vegar mjög sérstök stemning. Varð einhver mágsefjun. Nostalgíufílingur meðal ákveðins aldurshóps. Ástæðan var Duran Duran tónleikarnir um kvöldið. „Best of“ geisladisk var skellt á og einhverjir rauluðu með. Með útsýni til þess að

drepa, Villtir Sveinar og Geymdu bæn ómuðu um allt. Einhverjir rauluðu með.

Ég var á bleiutímabilinu þegar Duran urðu vinsælir og var rétt farinn að fíla eitthvað annað en Brúðubílinn þegar tímabil þeirra rann sitt skeið. Fann engu að síður til samkenndar með þessum samstarfsmönnum mínum. Þegar ég heyrir lög á borð við Step it up með Stereo Mc's eru viðbrögð mín þau sömu.

Undir sönglinu varð mér hugsað til Týndu kynslóðar Bjartmars Gunnlaugssonar. Í stað „Manstu eftir John, Manstu eftir Paul, réttu mér albúmið“, kæmi. „Manstu eftir Simon, manstu eftir Roger, réttu mér I – Podinn.“

Nostalgíutrippið smitaði út frá sér og fljótlega var farið að ræða um allt aðra hluti sem verður þó að telja til þessa fyrirbæris. Einhver sagðist hafa verið að horfa á Miami Vice og minntist þess að Don Johnson hefði verið svalur. Honum brá því heldur betur í brún þegar honum varð ljóst að svo hafði ekki verið. Philip Michael Thomas hefði þar að auki verið leiðinlegur.

Þegar deginum var loks að ljúka stefndi í óefni. Einhverjir voru farnir að dansa og spennan var orðin rafmögnuð. Það styttist enda óðum í eina mestu nostalgíu trúarathöfn sem farið hefur fram hér á landi. Tónleikana sem á morgun yrðu enn ein nostalgíuminningin fyrir þennan ágæta aldurshóp.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Tvær milljónir seljast af SingStar tölvuleiknum

Karókitölvuleikurinn SingStar frá Sony hefur selst í meira en tveimur milljónum eintaka síðan hann kom fyrst út í maí á síðasta ári fyrir PlayStation 2 leikjatölvuna.

„Hin mikla velgengi SingStar endurspeglar þá ætlun okkar að finna upp nýja hluti og breikka þann hóp sem spilar tölvuleiki,“ segir Phil Harrison, en hann sér um alla leikjautgáfu fyrirtækisins. „Núna, þriðja árið í röð, hefur London Studio náð að búa til enn annan smellinn sem náð hefur met-sölu um allan heim.“

„Við höfum verið mjög ánægð með hversu vel SingStar hefur verið tekið af tónlistariðnaðinum,“ segir

Sergio Pimentel, en hann sér um að fá lögina í SingStar. „Við höfum fengið leyfi fyrir meira en 250 lögum fyrir SingStar og við viljum þakka tónlistargeiranum og útgefendum fyrir þeirra framlag í leikinn.“

SingStar-leiknum fylgja tveir hljóðnemar, en það gerir leikmönnum kleift að etja kappi í hörku söngkeppni. Þar að auki er hægt að tengja EyeToy-myndavélina við leikinn og geta þá leikmenn séð sig sjálfa syngja. Nýjasti SingStar-leikurinn, SingStar Pop, var gefinn út í síðasta mánuði og hefur þegar náð gríðarlegum vinsældum. Einnig er útgáfa með lögum frá níunda áratugnum í undirbúningi. ■



SINGSTAR Tölvuleikurinn hefur slegið í gegn síðan hann kom fyrst út fyrir ári síðan.



SONY

Sumartilboð í Sony Center 512 MB minnskort fylgir!



512 MB minnskort að verðmæti 10.995,- fylgir með!



DSC-S90 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 4,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

3.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
41.940 krónur staðgreitt



DSC-T7 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 5,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt



DSC-P200 & 512MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 7,2 milljón pixlar
• 2" skjár

4.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
53.940 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

Við aðstoðum þig við alla almenna bankaþjónustu frá morgni til kvölds

- upplýsingar um stöðu reikninga
- millifærslur
- innborgun á kreditkort
- innborgun á skuldabréf
- framlenging á yfirdráttarheimild

KB BANKI

www.kbbanki.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

4447000

WELOVEICELAND

! Á morgun laugardag opna margar sýningar í söfnum og galleríum víðs vegar um landið. Á Akureyri hefst sumarsýning Listasafnsins á Akureyri klukkan 15, á Stykkishólmi hefst sýning í Norska húsinu klukkan 14, sem til-einkuð er samfelldum veðurathugunum hér á landi og á Hótel Djúpuvík opnar myndlist-armaðurinn Þórdís Alda Sigurðardóttir sýninguna Söguþráður. Í Reykjavík opnar Sandra María Sigurðardóttir sína fyrstu einkasýningu á Sólon og Marie-Anne Bacquet og Marie Greffrath opna sýningu í nemendagalleríinu Gyllinhæð á Laugavegi.

menning

menning@frettabladid.is

„Þetta er hópur af listamönnum sem kemur hérna saman sem vinir, við vinnum verkin mjög hratt því við viljum hafa ákveðið flæði í þeim. Við vinnum mikið með spennu, kaótík og vináttuna og við viljum að áhorfandinn komi hingað og upplifi sýningarrýmið sem heild,“ segir Berglind Ágústadóttir sýningarstjóri WELOVEICELAND sem hefst í Nýlistasafninu 2. júlí klukkan 16. Innan hópsins er franskur gjörningahópur sem kallar sig The Dream Machine og flytur hann gjörninginn Chanel fuck the cats klukkan 17 á laugardaginn. Hópurinn sem stendur fyrir sýningunni kallar sig Welove og er samansafn erlendra og íslenskra listamanna sem kemur saman á Íslandi í nafni vináttunar til að lífa, skapa og elska. Á sýningunni verður myndlist og gjörningur. „Við vinnum með, hraða, greddu og glimrandi fjör. Í hópunum eru villtir náttúruunnendur og tryllt partídyr. Þetta er myndlist unnin af



HESTAR Verk eftir Frakkan Joseph Marzolla sem tekur þátt í sýningunni WELOVEICELAND í Nýlistasafninu sem opnar á laugardaginn. Marzolla vinnur mikið með hesta sem ferðast víða um heiminn.

ástríðu og vináttu, við viljum leyfa listinni að ráða og að áhorfendunum líði sem best,“ segir Berglind. Sýning WELOVE í Nýlistasafninu stendur yfir til 24. júlí.

EKKI MISSA AF...

...sýningu **Steinunnar Bjarkar Sigurðardóttur** á **Mokka** dagana 10. júní – 5. ágúst. Á sýningunni eru málverk unnin með olíu- og akryllitum.

...sýningu **Hafsteins Austmann** á vatnslitamyndum (akvarellum) í **Listasafni Ófeigs**. Sýningin stendur yfir til 8. júlí og er opin á verslunartíma.

...tvennum tónleikum sænska organistans **Mattias Wager** í **Hallgrímskirkju** um helgina. Hinir fyrri verða á laugardaginn klukkan 12 og þeir síðari á sunnudaginn klukkan 20. Á efnis-skránni verða meðal annars verk eftir Bach, Olivier Messiaen og Mozart.

Söguþráður Þórdísar

Laugardaginn 2. júlí opnar myndlistarmaðurinn Þórdís Alda Sigurðardóttir myndlistarsýninguna Söguþráður á Hótel Djúpuvík á Ströndum. Á sýningunni sýnir Þórdís nýjar lágmyndir sem unnar eru í ull,

járn, tré og vax. Þórdís hefur oft fengist við samskeytingar á mjög viðkvæmum efnum svo sem flaueli og silki og grófum, oft ryðguðum gömlum nytjahlutum eða úr sér gengnum þrjónuðum og saumuðum flíkum. Verkin eru gerð í framhaldi af ferð hennar á Standir sumaríð 2004 og ýmsir hlutir er urðu á vegi hennar birtast í verkunum.

Þetta er núunda einkasýning Þórdísar og stendur hún fram á haust. ■



ÞÓRDÍS A. SIGURÐARDÓTTIR Myndlistarmaðurinn opnar sýningu á Hótel Djúpuvík á Ströndum á laugardaginn en í ár fagnar hótelið 20 ára afmæli sínu.

LJÓÐAÚTGÁFA Nyhil-liðarnir Þór Steinarsson og Örvar Laufeyjarsón Smárasón eru tveir þeirra sem standa að útgáfu nýrrar 8 bóka ljóðaseríu sem kemur út á vegum Nyhil frá október og fram í febrúar.



Háskalegt skref Nyhil

Samstarfshópur ungra íslenskra listamanna sem kallar sig Nyhil ætlar að standa fyrir umfangsmikilli ljóðaútgáfu í haust. Nyhil gefur þá út 8 ljóðabækur 8 ungra, íslenskra ljóðskálda á fjórum mánuðum í lok ársins og í byrjun næsta árs.

„Ég þori að fullyrða að álíka framrás hefur ekki átt sér stað í íslenskrum ljóðaútgáfu síðan modernisminn kom til sögunnar fyrir einhverjum fimmtíu árum, aldrei hefur verið lögð víðlíka rækt við unga kynslóð ljóðskálda,“ segir Þór Steinarsson rit- og útgáfustjóri nýrrar ljóðaseríu sem Nyhil, sem er samstarfshópur ungra íslenskra listamanna, mun standa fyrir á

fjögurra mánaða tímabili í haust og vetur.

Nyhil ætlar að gefa út 8 ljóðabækur 8 höfundu á tímabilinu október-febrúar og mun koma út ný bók á tveggja vikna fresti á tímabilinu. Ljóðabækurnar verða seldar í pakkaáskrift sem mun kosta 8 þúsund krónur eða þúsund krónur bókin.

Nyhil er fjöldahreyfing eða grasrótárfélag sem byrjaði að verða til fyrir fjórum árum í Berlín og voru helstu hvatamenn hreyfingarinnar þeir Haukur Már Helgason og Eiríkur Örn Norðdahl. Síðan þá hafa komið út nokkrar bækur á vegum Nyhil auk þess margir upplestar og uppkomur hafa verið haldnir á vegum hreyfingarinnar. Nú hrækja meðlimir Nyhil heldur betur í lófana og gerast stórhuga með nýju útgáfunni. „Þetta er háskalegt skref hjá Nyhil sem segir nú skilið við öld sakleysisins og verður að manni, er

ekki lengur unglingsstúlka í stuttum kjól,“ segir Haukur Már Helgason einn af upphafsmönnum Nyhils.

„Við vonum að 500 manns verði áskrifendur að ljóðaseríunni, og að bækurnar fari allar í aðra prentun. Ætlunin er að með þessu muni eiga sér stað nýtt upphaf í ljóðalestri þjóðarinnar því við ætlum að sýna fram á það að það er ekkert mál að selja Íslendingum ljóðabækur,“ segir Már.

Ljóðskáldin sem gefa munu út bók í seríunni eru Eiríkur Örn Norðdahl, Kristín Eiríksdóttir, Ófeigur Sigurðsson, Steinar Bragi Guðmundsson, Valur Brynjar Antonsón, Örvar Þóreyjarsón Smárasón, Óttar Martin Norðfjörð og Haukur Már Helgason.

Áhugasamir geta fylgst með framvindu útgáfunnar á heimasíðu Nyhil, www.nyhil.org, eða haft samband við Þór Steinarsson í síma 6920979 og tryggt sér áskrift. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

SUMARBLAÐIÐ BARA 499 KR.
SÍÐ OG HEYRT
Sjáð myndirnar í SÍÐ OG HEYRT
30. júní - 6. júlí
Hætt með kerstanum!
Gunnhildur í Djúpu Lauginni:
AFTUR Á LAUSU!
Ragnheiður Guðfinna og Guðmundur Th.
LJÓMUÐU AF ÁST!
Guðni Ágústsson í heilsuáttak:
Katrín Jakobsdóttir:
Á VON Á BARNI Í MEGRIN
GERIR LÍFID SKEMNTILEGRA!

Sumartónleikar í Skálholti

Sumartónleikar í Skálholti hefja 31. starfsár sitt laugardaginn 2. júlí og mun dagskrá þeirra standa yfir til 7. ágúst 2005.

Dagskráin hefst á laugardaginn klukkan 14 þegar Árni Heimir Ingólfsson mun fjalla um efnis-skrá kammerhópsins Carminu sem heldur svo tónleika í Skálholtskirkju klukkan 15. Klukkan 17 mun blokkflautukvintettin Fontanella frá Englandi stíga á stökk í Skálholtskirkju.

Fontanella mun svo endurtaka leikinn daginn eftir klukkan 15. Síðar á sunnudaginn mun kammerhópurinn Carmina frumflytja nýtt verk eftir Huga Guðmundsson.

Aðgangur er ókeypis að öllum tónleikum og fyrirlesturum á sumartónleikum í Skálholti.

Frekari upplýsingar um Sumartónleika í Skálholtskirkju 2005 er að finna á heimasíðu Sumartónleika, www.sumartoneikar.is ■

FONTANELLA Blokkflautukvintettin Fontanella frá Englandi mun leika á Sumartónleikum í Skálholtskirkju á laugardaginn klukkan 14 og á sunnudaginn klukkan 15.





VIÐ STYÐJUM LIVE8!

TÓNLEIKAR

til stuðnings Live8 í Hljómskálagarðinum
20.30-23.00 föstudaginn 1. júlí

FRAM KOMA:

Bubbi Morthens
Hjálmar
Kimono
Leaves
Mínus
Papar
Ragnheiður Gröndal
Singapore Sling
Stuðmenn
Without Gravity
(áður Tenderfoot)

Augu heimsins munu beinast að Edinborg næstu daga ar sem leiðtogar ríkustu landa heims koma saman til fundar og ræða málefni fátækustu ríkja heims. Gríðarlegir hagsmunir eru í veði: á hverjum degi deyja 50 úsund manns í Afríku úr hungri og sjúkdómum. Þetta samsvarar ví að öll íslenska jóðin létist á innan við einni viku.

„Live8“ tónleikarnir nú um helgina hafa að að markmiði að hvetja leiðtogana til að gefa eftir skuldir fátækustu ríkjanna, brjóta niður óréttlátar viðskiptahindranir og að tvöfalda rónaraðstoð.

Við Íslendingar eigum og getum stutt þessi markmið – í verki - á al jóðavettvangi.

Al ingi Íslendinga sam ykkti fyrir tuttugu árum að 0.7% jóðarframleiðslu skyldi renna til rónarsamvinnu innan sjö ára. Nú 20 árum síðar er rónaraðstoð okkar innan við riðjung essa.

Er etta sæmandi einni ríkustu jóð í heimi?
Við undirritaðir tónlistarmenn teljum að svo sé ekki.

Við skorum á almenning að sýna stuðning sinn í verki og mæta á tónleika til stuðnings „Live8“ í Hljómskálagarðinum föstudagskvöldið 1. júlí.

Bubbi Morthens
Einar Örn Benediktsson
Ellen Kristjánsdóttir
Emiliana Torrini
Ensími
Helgi Björnsson
Hjálmar
Jagúar
Kimono
KK

Leaves
Mínus
Múgison
Ragnheiður Gröndal
Singapore Sling
Sölvi Blöndal/Quarashi
Sigur Rós
Stuðmenn
Without Gravity





E31300605 Trío Trix

TRÍÓ TRIX Tríoíð er skipað þeim Sigríði Bjarneyju Baldvinsdóttur fiðluleikara, Vigdísi Másdóttur víóluleikara og Helgu Björg Ágústsdóttur sellóleikara. Þær stöllu munu halda tónleika í Ketilhúsinu á Akureyri föstudaginn 1. júlí klukkan 12.

Trío Trix á Akureyri

Tríoíð Trio Trix heldur tónleika klukkan 12 í dag í Ketilhúsinu á Akureyri á vegum Listasafns á Akureyri 2005.

Tríoíð er skipað hljómlistar-konunum Sigríði Bjarneyju Baldvinsdóttur fiðluleikara, Vigdísi Másdóttur víóluleikara og Helgu Björg Ágústsdóttur sellóleikara og mun það vera eina starfandi

strengjatríoíð á Íslandi en það hefur starfað óslitið síðan 2003.

Á efnisskránni eru Serenada op. 10 eftir Ernst von Dohnányi, strengjatrío í B-dúr eftir Franz Schubert og strengjatrío í a-moll eftir Max Reger.

Á þriðjudagskvöldið klukkan 20.30 mun tríoíð svo leika í Listasafni Sigurjóns í Reykjavík. ■

Íslensk skrímsli í heila öld

Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri verður opnuð laugardaginn 2. júlí klukkan 15. Sýningin fjallar um ófreskjur og kynjaverur af öllum gerðum í íslenskri myndlist allt frá frá verkum Ásgríms Jónssonar og fram á okkar daga.

„Það hefur verið síðvenja okkar hér á Listasafni Akureyrar að hafa íslenska list til sýningar á sumrin, þegar mikið er af útlendingum hér á landi og Íslendingar eru að ferðast innlands,“ segir Hannes Sigurðsson, forstöðumaður listasafnsins á Akureyri. Hannes segir

sýninguna ekki síst fjalla um skrímslin í okkur sjálfum því án óttans sem við berum í brjósti eru ekki til nein skrímsli.


Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur er sýningarstjóri sumarsýningarinnar að þessu sinni. „Mér er ómögulegt að átta mig á hrifningu minni á skrímslum, en ég hugsa stundum með sjálfri mér að nafn mitt Úlfhildur, hafi ekki beint gefið mér mikið val. Skrímsli eru almennt tengd ótta og skelfingu, árásargirni og illsku. Skrímslið er andstæða mennskunnar, það þrífst á mannum, bókstaflega,

því flest skrímsli eru mannætur, myndgerving á ótta mannsins,“ segir Úlfhildur.

Sýningin mótast annars vegar af hugmyndum Úlfhildar og hins vegar af úrvali verka í eigu Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Íslands auk þess sem leitað var til fjölmargra listamanna um lán á verkum. Á sýningunni verða sýnd verk eftir 23 listamenn, m.a. Ásgrím Jónsson, Ásmund Sveinsson, Erró, Dunga- non, Alfreð, Gabrielu Friðriksdóttur, Huldu Hákon, Ólöfu Nordal og Þorra Hringsson.

Sýningin stendur til 21. ágúst. ■

ÚTI VIÐ HAFSAUGA... Verk eftir Huldu Hákon sem unnið var sérstaklega fyrir sýninguna og sýnt verður á árlegri sumarsýningu Listasafnsins á Akureyri. Að þessu sinni fjallar sýningin um ófreskjur og skrímsli og 23 listamenn sýna verk sín.



Bragð til að treysta á

Prófaðu nýju kryddmyllurnar frá McCormick

McCormick

Bragð til að treysta á



FUGLAR Gestum sýningar Aðalheiðar gefst kostur á að bæta fuglum og fiskum við þá sem hún hefur smíað. Þorsteinn Gylfason, Joris Rademaker og fjölþjóðabandið Mimoun eru meðal þeirra sem troða upp með sköpun sína klukkan 12 alla dagana á meðan sýningin stendur yfir.

Hafsjór af fuglum og fiskum

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir verður með opið verkstæði í porti Hafnarhússins dagana 1. til 6. júlí.

„Verkefnið verður í gangi allan tímann sem ég verð með sýninguna þarna, alltaf verður eitthvað að bætast við því fólk getur komið með eigin fiska og fugla og bætt þeim við þá skúlptúra af fiskum og fuglum sem ég hef gert úr tré og ég sýni á sýningunni. Í hádeginu koma svo ýmsir gestir með sköpun sína og deila henni með sýningargestum. Þorsteinn Gylfason kemur meðal annars og les ljóð sem hann hefur þýtt sem fjalla um fugla og Guðbrandur

Siglaugsson les frumsamin ljóð sín sem fjalla um skilin á milli náttúruaflanna,“ segir Aðalheiður og bætir við að fólk þurfi ekki að svelta því hægt verði að kaupa súpu á staðnum.

„Ég vona að sem flestir komi og leggi sýningunni lið með sköpun sinni, að þarna verði hafsjór af fuglum og fiskum sem skapa muni skemmtilega stemmningu,“ segir Aðalheiður, sem sett hefur upp 90 svipaða listviðburði á síðustu 10 árum.

Dagskrá sýningarinnar er að finna á vef Listasafns Reykjavíkur www.listasafnreykjavikur.is. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

28 29 30 1 2 3 4

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 Hljómsveitin **Æla** leikur í Gallerí Humar eða frægð, Kjörgarði.
- 20.00 Karlákórinn **Os** frá Noregi með tónleika í **Norræna húsinu**
- 21.00 Tónleikar **Guðrúnar Gunn-**

arsdóttir ásamt þeim Friðriki Ómari Hjörleifssyni og Valgeiri Skagfjörð á hinu nýja ferðapjónustusvæði á **Fossatúni** í Borgarfirði.

21.30 Brasilúkuvintett **Ife Tolentino** og **Óskars Guðjónssonar** leikur í **Iónó**.

22.00 Hljómsveitimar **Shadow Parade**, **Ókind** og **Kalli Tenderfoot** spilar á **Grandrokk**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


GOTT ÚRVAL STAFRÆNNA MYNDAVÉLA



KONICA MINOLTA

GLÆNÝTT MÓDEL

- Örsní og nett hágæða DIGITAL MYNDAVÉI
- 5 MegaPixel upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0.5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir



VERÐ **29.990**

FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ

DiMAGE X60

5 MEGAPIXEL

SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ

8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grömm



OLYMPUS® C370Z

Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndataku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

3,2 MEGAPIXEL

TILBOÐ **11.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



OLYMPUS® FE5500

Digital MYNDAVÉL með 5 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndataku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

5 MEGAPIXEL

VERÐ **24.990**

FRÁBÆRT VERÐ



KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Lítill Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndataku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

6 MEGAPIXEL

TILBOÐ **26.990**

FULLT VERÐ kr. 34.990

ÓTRÚLEGA LÍTIL DIGITAL TÖKUVÉL
MEÐ 3CCD MYNDFLÖGUM OG 5 MEGAPIXEL
KYRRMYNDATÖKU - ÞAÐ NÝJASTA FRÁ JVC!

JVC® NÝ SENDING KOMIN

GZMC500

Ótrúlega Nett. Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ípptökflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndtöku (2.560x1.920 Pixelar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort, 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð: (b x h x d): 8.0x5.5x11.8 sm . Þyngd 400g.

5 MEGAPIXEL

TILBOÐ **139.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

MEÐ
4GB
MicroDrive



STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR

JVC® GRD21

Digital DV TÖKUVÉL með 2.5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökflögu með 800.000 díllum, 700x Super Digital Zoom, 16x Optical Zoom, endingargóðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope.

TILBOÐ **29.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990



DIGITAL
NIGHT
SCOPE

JVC® GRD240

Digital DV TÖKUVÉL með 2.5" LCD skjá með 1/6 CCD upptökflögu með 800.000 díllum, 800x Digital Zoom, 25x Optical Zoom, DV útgangi, endingargóðri rafhlöðu og Digital ColorNightScope (myndar í myrkr).

TILBOÐ **44.990**

FULLT VERÐ kr. 54.990



1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFRÍÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Dranganesi, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, KF Húsvetninga, Blönduós, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósjafnir, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héradsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vognafríði, KF Héradsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Féskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUBURLAND: Mosfell, Hellu, Fosshaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

KK og Maggi Eiriks: Fleiri ferðalög, **Davíð Smári:** You Do Something To Me, **Efterklang:** Tripper, **Jamiroquai:** Dynamite, **Röyksopp:** The Understand- ing, **Rob Thomas:** Something to be og Sumarpartý.

tónlist

tonlist@frettabladid.is


Kimono flytur til Berlínar

Hljómsveitin Kimono kemur fram á tónleikunum Áttalíf sem haldnir verða í Hljómskálagarðinum í kvöld. Alex Macneil, söngvari og gítarleikari sveitarinnar, sagðist vera mjög spenntur fyrir tónleikunum enda umhverfið mjög ólíkt því sem Kimono hefur verið að spila fyrir. „Við erum ekki von að spila á svona stórum tónleikum,“ segir hann. Alex er greinilega búinn að kynna sér hlutverk Live 8 en markmið tónleikana er meðal annars að láta átta ríkustu þjóðir heims fella niður skuldir fátækustu ríkja heims. „Ég styð þetta heilshugar,“ segir hann. Aðspurður af hverju hann haldi að poppstjórnur á borð við Bob Geldoff og Bono séu að einbeita sér að málefnum sem þessum



segir hann að þeir vilji eflaust nota frægð sína til þess að koma einhverju jákvæðu til leiðar. „Frekar heldur en að enda á forsiðum slúðurblaðanna,“ bætir hann við. Það hefur verið í nógu að snúast hjá hljómsveitinni því hún er nýkomin úr hljóðveri. „Diskurinn er farinn út og við vonumst til að hún sé væntanleg á næstu vikum. Maður veit samt aldrei,“ segir Alex. Þá áætla sveitin að flytja föggur sínar til Berlínar þar sem hún skipuleggur viðreisn um Evrópu. „Við stefnum á að vera komnir til landsins áður en Airwaves byrjar.“ Því er allt brjálað að gera hjá Alex og félagum hans í Kimono.

> Plata vikunnar ...



TEAM SLEEP: Team Sleep „Söngvari Deftones kemur skemmtilega á óvart með hlíðarverkefni sínu Team Sleep. Þessi nýja sveit er að gera mun betri hluti en Deftones í dag, vonandi heldur hann sig hérna megin skógarins.“ - BÖS

> Popptextinn ...

„We'd go down to the river and into the river we'd dive. Oh, down to the river we'd ride.“

Stjórnin sjálfur, Bruce Springsteen, tók meðal annars lagið sigilda The River á óvæntum tónleikum í Flugstöð Leifs Eiriks-sonar fyrir skömmu.

[SMS]

UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

Foo Fighters: In Your Honor

„Tvöföld plata Foo Fighters hefur tvöfalt eðli. Rokkplatan er frekar litlaus og slöpp, en sú órafmagnaða lífandi og mjög aðlaðandi. Grohl hefði átt að skipta þessari útgáfu í tvennt, því saman er ekki hægt annað en að gefa henni miðlungs-einkunn.“

BÖS

Hot Damn!: The Big'n Nasty Groove'O Mutha

„Smári og Jenni ná virkilega vel saman og sanna það enn frekar, rétt eins og The White Stripes hafa gert, að dúettar geta hiklaust spjarað sig í rokkinu þrátt fyrir mikinn einfaldleika.“

FB

Bubbi: Ást

„Ást er nokkurs konar uppgjör Bubba við ástarmál sín. Þrjú lög skara fram úr en meiri Barða-stemningu vantar í afganginn.“

FB

British Sea Power: Open Season

„Það er ekki mikil von í nýjstu von Breta. Ef þetta er affli breska sjóveldisins, þá legg ég til að við hendum af stað öðru þorskastríði, því við myndum valta yfir þá.“

BÖS

Coldplay: X&Y

„Coldplay kaupa sér nýtt hljómborð og gera enn eina „örugga“ plötu. Full af gripandi lögum sem við eigum öll bókað eftir að fá hundleið á áður en útvarpsstöðvarnar hætta að spila þau.“

BÖS

Birgir Örn Steinarsson
Freyr Bjarnason

Hita upp fyrir goðsögn

Strákarnir í rappsveitinni For-gotten Lores vöktu mikla og verðskuldaða athygli íslenskra sem er-lendra blaðamanna á Iceland Airwaves hátíðinni í fyrra. Þeir eru núna í sjöunda himni því þeir voru valdir ásamt Hjálmmum og Hæstu Hendinni til þess að hita upp fyrir sjálfan Snoopy Doggy Dogg. „Þetta er náttúrulega bara frábært. Hann er algjört „legend“ í okkar augum og þetta er örugglega einn sá mesti heiður sem okkur hefur hlotnast hingað til,“ segir Baldvin Þór Magnússon eða Class B eins og hann kallar sig.



plötu saman og svo hef ég verið að vinna að tveimur litlum plötum. Núna erum við hins vegar að byrja að semja nýja plötu,“ segir Baddi og ættu þær fréttir að gleðja hina fjölmörgu aðdáendur sveitarinnar.

Ferli tónlistarinnar

Aðspurður hvort tónlistin þeirra hafi breyst að einhverju leyti frá seinustu plötu segir hann: „Þetta er alveg beint framhald af síðustu plötu en svona með tímanum þá

höfum við farið að fínpússa aðferðirnar sem við notum til að semja betur og þælum meira í lagasmíðunum saman. Þegar við semjum lög þá er ferlið oftast þannig að Diddi, Addi og Benni gera takta í sitt hvoru lagi og við fáum svo hugmyndir út frá þeim og sjáum hvaða möguleika taktarnir hafa. Svo semjum við Birkir og Diddi texta sem okkur finnst passa við og sjáum svo til hversu góð löggin eru,“ segir hann og bætir við að ennþá séu engin lög tilbú-

in fyrir plötuna. „Aðallega erum við komnir með grunna að lögum, takta sem við viljum nota og hugmyndir.“

Skrifum eins og við hugsum

Hægt er að greina alls konar áhrif úr tónlist strákanna og greinilegt að þeir hlusta ekki einungis á hiphop. „Við erum allir voðalega misjafnir þegar kemur að tónlist. Auðvitað hlustum við eitthvað á sömu hlutina en Benni til dæmis er alltaf að spila á skemmtistöðum og þarf að vera með sína partýmúsík á hreinu og Diddi er líka pródúser svo hann er með allt öðruvísi viðmið og hlustar eftir öðru.“

Textar Forgotten Lores fjalla mikið um daglegt líf auk þess sem þeir innihalda oft pólitískar ádeilur. Það vekur athygli að þeir fara ekki sömu leið eins og margir rapparar hið ytra sem semja niðyrði um aðra rappara eða tala niður til kvenna í textunum sínum. „Ég held að ástæðan sé sú að við skrifum bara eins og við hugsum. Við hugsum ekki á þennan hátt og það kemur fram í textunum okkar, við erum náttúrulega bara svo góðir strákar,“ segir hann og hlær.

hilda@frettabladid.is

Gerðu eitthvað skemmtilegt og komdu á Players



Hljómsveitir um helgina:

Í svörtum fötum föstud. 1. júlí

Hljómsveitin Von laugard. 02. júlí

Budweiser

GORDON'S
SÍM OG TONIC

PLAYERS



Bæjarlind 4 - Kópav.

Audioslave í hljóðver

Rokksveitin Audioslave ætlar að fara í hljóðver um leið og tónleikaferð hennar um Evrópu lýkur. Eftir hljóðverstímana heldur sveitin aftur í tónleikaferð um Bandaríkin. Önnur plata Audioslave er nýkomin út en það aftrar henni ekki frá því að drífa sig í hljóðver á nýjan leik.

„Okkur langar til að hafa óskýrari línur á milli æfinga, upp-takna og tónleikaferða,“ sagði Tom Morello, gítarleikari Audioslave. „Það er mjög gott mál að semja og taka upp tónlist jafnt og þétt. Við viljum halda okkur ferskum. Allir hafa spilað vel á þessari tónleikaferð og við viljum



AUDIOSLAVE Hljómsveitin Audioslave ætlar ekkert að slappa af á milli tónleikaferða.

taka þessa stemmningu með okkur, semja nokkur lög, taka upp og fara síðan í tónleikaferð til Bandaríkjanna. Þess má geta að Audioslave spilar á Live 8 tónleikum sem verða haldnir í Berlín á morgun. ■

Vill nýja heimildarmynd

Popparinn Michael Jackson er um þessar mundir staddur í París þar sem hann ræðir við kvikmyndagerðarmann um gerð nýrrar heimildarmyndar um sig.

Síðasta heimildarmyndin sem gerð var um Jackson var upphafið að málshöfðun gegn honum eftir að hann viðurkenndi í myndinni að hafa deilt rúmi sínum með börnunum. Jackson vann dómsmálið á dögum og reynir nú allt hvað hann getur til að bjarga æru sinni og tónlistarferlinum. Mun heimildarmyndin vera fyrsta skrefið í þá áttina. ■

[TOPP 10]

X-ÍD 977 - 29. JÚNÍ

- 1 LEAVES
The Spell
- 2 COLDPLAY
Speed of Sound
- 3 BECK
Girl
- 4 PAPA ROACH
Take Me
- 5 QUEENS OF THE STONE AGE
In My Head
- 6 CYNIC GURU
Drugs
- 7 USED/MY CHEMICAL ROMANCE
Under Pressure
- 8 KILLERS
Smile Like You Mean It
- 9 GREEN DAY
Holiday
- 10 RASS
Burt með kvótann

The Fugees tók lagið

Hljómsveitin The Fugees steig óvænt upp á svið á BET-verðlaunum á dögum og tók lagið eftir áralanga pásu. Sveitin spilaði þrjú slagara; Ready or Not, Fu-Gee-La og Killing Me Softly With His Song við frábærar undirtektir áheyr- enda.

„Bara það að sjá kollega sína standa upp fyrir sér var frábært,“ sagði Pras eftir tónleikana. „Við höfum ver-

id í pásu í dálitinn tíma þannig að þetta var alveg stórkostlegt.“ Með Pras uppi á sviðinu voru Wyclef Jean og Lauryn Hill. Öll hafa þau gefið út sólóplötur á undanförunum árum með ágætum árangri.

Að sögn Pras er von á nýrri plötu frá The Fugees á næsta ári. Um er að ræða langþráð framhald The Score sem kom út 1996, sem er mest selda hipp hopp-plata allra tíma. ■

WYCLEF Wyclef Jean og félagar í The Fugees ætla að gefa út nýja plötu á næsta ári.



Vinsælasta tónlistin á Íslandi



KK & Maggi Eiríks - Fleiri Ferðalög

1.799 kr

LAGALISTI:

1. Kveikjum eld
2. Hreðavatnsvalsinn
3. Dalakofinn
4. Ó, vertu sæt við mig
5. Ástartöfrar
6. Lóa litla á Brú
7. Ég vil stilla mína strengi
8. Laus og liðugur
9. Komdu og skoðuðu í kistuna mína
10. Lóan er komin
11. Óli rokkari
12. Mærin frá Mexíkó
13. Enn þá man ég hvar
14. Þú ert ungur enn
15. Bjóssi á mjólkurbílnum
16. Kvöldið er fagurt
17. Fyrr var oft í koti kátt
18. Fram í heiðanna ró
19. Á Sprengisandi
20. Undir bláhimni
21. Úti á sjó
22. Dagný

Á móti sól mun árita disk sinn „Hin 12 Topplögin“ á milli 15:00 og 16:00 í Hagkaupum Kringlunni, föstudaginn 1. júlí.



EMILIANA TORRINI-Fisherman's woman



DURAN DURAN-Greatest



Eurovision song contest 2005



BUBBI-Ást



COLDPLAY-X & Y



RAGGI BJARNA
-með hangandi hendi



GORILLAZ-Demon days



DAVÍÐ SMÁRI-You Do
Something To ME



FOO FIGHTERS-In Your Honor



BUBBI-Í 6 skrefa fjarlægð
frá paradís



HILDUR VALA



Á MÓTI SÓL
-Hin 12 Topplögin

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 7. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmitilegast að versla





Loksins, loksins Margir höfðu beðið í eftirvæntingu eftir heimsókn sveitarinnar.

Villtir drengir og trylltur lýður



JOHN TAYLOR Bassaleikarinn hefur engu gleymt

Um tíu þúsund manns voru saman komin í Egilshöll í gær til að berja sítt að aftan goðin í hljóm-sveitinni Duran Duran augum. Mikil stemning skapaðist á tónleikunum enda margir búnir að bíða hátt í tuttugu ár eftir heimsókn sveitarinnar. Þeir félagar Simon Le Bon, Nick Rhodes, Andy, Roger og John Taylor virðast engu hafa gleymt þótt aldurinn sé farinn að færast yfir og trylltu lýðinn svo um munaði. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á staðnum og myndaði það sem fyrir augu bar.



DV

NÁGRANNAR
HÖFÐU VARAÐ VIÐ
BARNANÍÐINGNUM
Í BÖKKUNUM

Ekkert var gert fyrr en hann braut aftur af sér

þeirir þegar aðrir þegja!



SIMON LE BON Söngvari Duran Duran fór á kostum á sviðinu.

Alltaf útsala - á TONLIST.IS

989,-
Almennt verð 1.999,-
Bubbi - Ást

989,-
Almennt verð 1.999,-
Bubbi - Í 6 skrefa
fjarlægð frá paradís

1.049,-
Almennt verð 1.999,-
Goldplay - X&Y

995,-
Almennt verð 1.999,-
Davíð Smári - You Do Something To Me

1.049,-
Almennt verð 1.999,-
Foo Fighters - In Your Honor

1.049,-
Almennt verð 1.999,-
Gorillaz - Demon Days

989,-
Almennt verð 1.999,-
Helgi Valur - Demise Of Faith

890,-
Almennt verð 1.999,-
Hildur Vala

1.049,-
Almennt verð 1.999,-
The Black Eyed Peas - Monkey Business

1.049,-
Almennt verð 1.999,-
The White Stripes - Get Behind Me Satan

Eldri titlar á fíranlegu verði!

- | | |
|--|---|
| Í svörtum fötum - Meðan ég sef 790,- | Á móti sól - 12 íslensk toppög 890,- |
| Bubbi - Tviburinn 890,- | Brain Police - Electric Fungus 845,- |
| Quarashi - Guerilla Disco 790,- | Nylon - 100% Nylon 879,- |
| Ragnheiður Gröndal - Vetrarljóð 895,- | Jón Sigurðsson - Our Love 891,- |
| Hjálmar - Hljóðlega af stað 840,- | Nýdönsk & Símfó - Skynjun 841,- |

Inneignir

Öllum notendum gefst kostur á að kaupa inneignir þannig að hvert lag verður hlutfallslega ódýrara. Inneignirnar má nota til að búa til eigin geisladiska með nánast öllum lögum sem vefsvæðið hefur að geyma til eignar.

1 lag	99,-
5 lög	445,-
12 lög	995,-
20 lög	1.595,-

Áskriftarleiðir

Tonlist.is býður upp á frábærar áskriftarleiðir þar sem viðskiptavinir öðlast ótakmarkaðan aðgang að allri íslenski tónlist sem vefsvæðið hefur að geyma. Meðan áskriftin er í gildi geta viðskiptavinir spilað og/eða vistað öll íslensk lög á harða disknum.

SMS viku áskrift	398,-
Mánaðaráskrift	1.495,-
3 mánaða áskrift	2.990,-
12 mánaða áskrift	9.990,-

Sigurvegarinn grét af geðshræringu

Hin árlega skeggvaxtarkeppni sem kennd er við sjálfan Tom Selleck var haldin á Sirkus á miðvikudaginn. Þar báru menn saman skegg-rætur sínar og kepptust við að glenna efri vörina í átt að dómurum og var stemningin víst tryllt á þessum litla skemmtistað. Sigurvegari mottukeppninnar miklu var sjálfur Gus Gus-meðlimurinn Stephan Stephensen eða President Bongo. Í öðru sæti lenti hárgreiðslusérfræðingurinn Jón Atli Helgason og Friðrik Atlason var í þriðja sæti. Davíð Örn Halldórsson var nefndur hýjungur ársins og „Durgurinn“ var valinn vinsælasti strákurinn.

„Þetta var rosalegt stuð,“ segir Maggi Legó, sem sat í dómnefnd ásamt þeim Ragna í Botnleðju og Harry Johansson. „Helmus og Dalli spiluðu undir og Lilli og Krummi voru reyndar nokkuð mistækir sem kynnar,“ segir hann og á þá við Lilla úr Brúðubílnum sem skartaði mottu og aðra óþekktu brúðu að nafni Krummi. „Mikil geðshræring gerði svo vart við sig þegar úrslitin voru kunngerð og sigurvegarinn náðist varla niður á jörðina það sem eftir lifði kvöldsins. Hann var sífellt grátandi og faðmandi fólk,“ segir Maggi og viðurkennir að valið hafi reynst dómnefndinni nokkuð erfitt. „Það er svo persónubundið hvort mottan fari mönnum vel. Stebbi var hins vegar með þykka og óskaplega vel snyrta mottu og átti sigurinn algerlega skilið.“ ■



Maggi Legó Sigurvegari ársins 2004 sat í dómnefnd og skartaði stórfenglegu neon bleiku skeggi.



Sigurvegarinn President Bongo bar sigur úr bitum með þetta og vel snyrta mottu.



Hárgreiðslumeistari Jón Atli heillaði dómnefndina upp úr skónum og lenti í öðru sæti.



Reykmeistari Einn keppendanna faldi reykvel inni í erminni til þess að ná sem mestri athygli viðstaddra.



Í KARAKTER Menn voru í mismiklum karakter í keppninni en þessi lifði sig inn í hlutverkið.

Verður þú Jó-Jó meistari Coca-Cola á Íslandi?

Töframaðurinn Bjarni verður á ferðinni á Jó-Jó bílnum næstu daga. Komdu með Coke eða Coke light Jó-Jó með þér, lærðu helstu taktana og taktu þátt í Jó-Jó keppni. Þú gætir komist í úrslitakeppnina sem verður haldin í Smáralind 9. júlí þar sem alþjóðlegur Jó-Jó meistari mun danna.

Leiktu þér í allt sumar með Coca-Cola.

Nánari upplýsingar á www.coke.is

Bjarni verður á eftirlarandi stöðum næstu daga:

- Í dag (Föstudag) Hymni, Borganesi, Klukkan 13:00
- Í dag (Föstudag) Gerinborg, Akureyri, Klukkan 18:00
- Í dag (Föstudag) Ríðhústi, Akureyri, Klukkan 20:30
- Á morgun (Laugardag) Stjórnheimi, Klukkan 13:00

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Innrásin stenst ekki kröfurnar

Þegar Ray Ferrier fær börnin sín tvö í helgarheimsókn grunar hann ekki hvað næstu dagar eiga eftir að bera í skauti sér. Ray er hálfgerður skíthæll sem hugsar bara um sjálfan sig og á ekki í góðu sambandi við krakkana sína. Helgarheimsóknin byrjar ekki vel. Robbie rænr bílnum frá föður sínum og gríðarlega öflugar eldingar byrja að skjótast niður úr himninum. Þetta er bara byrjunin. Fljótlega koma öflug tæki geimvera upp úr jörðinni með því augnamiði að útrýma jarðarbúum. Innrásin er hafin og Ferrier-fjölskyldan leggur á flóttu.

Þegar nöfn Spielberg og Cruise koma upp á tjaldid magnast kröfur kvikmyndahúsagesta upp. Ekkert má klikka enda á samstarf þessara tveggja manna að skila pottþéttri mynd. Þessi byrjar feiknalega vel. Hraðinn er mikill og í góðum bíósal nötrar allt undir kvikmyndahúsagestum, rétt eins og þeir væru staddir í innrásinni sjálfri. Þegar morðóðar geimverur ráðast til atlögu grípur um sig ofsahræðsla og óðagot sem myndin gerir góð skil. Þá er skemmtilega tilbreyting að við fylgjumst einungis með Ray og fjölskyldu hans en ekki tveimur eða þremur hópum eins og svo oft vill verða. Ekki skemmir tónlist John Williams fyrir.

Tom Cruise fer létt með sitt hlutverk, Dakota Fanning er



WAR OF THE WORLDS

LEIKSTJÓRI: STEVEN SPIELBERG
AÐALHLUTVERK: TOM CRUISE, DAKOTA FANNING, JUSTIN CHATWIN OG TIM ROBBINS

NIÐURSTAÐA: War of the Worlds er ekki léleg heimsendamynd en hún er heldur ekki það sem ég hélt að Spielberg og Cruise gætu gert.

skemmtilega taugaveikluð og Justin Chatwin tekst að eyðileggja ekki myndina eins og svo oft vill verða með unglunga á mótþróskeiðinu í kvikmyndum. Tim Robbins leikur eiginlega hvorki aðalhlutverk né aukahlutverk í myndinni en er engu að síður skemmtileg viðbót.

Hæfileiki kvikmyndahúsa-eigenda til þess að smella inn í hléi þarf að vera ótvíræður svo að myndin verði ekki slitin í sundur á röngum stað. Því miður kom hléið ekki vel út að þessu sinni. War of the Worlds er tæplega tveggja tíma mynd sem hefði vel getað fengið að rúlla áfram án þess.

Skuldinni verður ekki skellt á hléið. Spielberg missir á einhvern hátt tókin á því sem hann var byrjaður að gera. Myndin hættir að vera hrá heimsendamynd og breytist í eitthvað sem ekki er hægt að útskýra. Spielberg, þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar um að vilja ekki falla í klisjugryfjuna, fellur í tvær að minnsta kosti. Þeirra verður ekki getið til þess að eyðileggja ekki fyrir kvikmyndahúsagestum.

War of the Worlds er ekki léleg heimsendamynd en hún er heldur ekki það sem ég hélt að Spielberg og Cruise gætu gert.

Freyr Gígja Gunnarsson



Emilíana í tónleikaferð til Íslands

Söngkonan Emilíana Torrini spilar á fernum tónleikum á Íslandi í næsta mánuði ásamt þriggja manna hljómsveit. Emilíana hefur frá útkomu plötunnar Fisherman's Woman leikið víðs vegar um heiminn og hefur hvarvetna hlotið einróma lof gagnrýnenda fyrir frammistöðu sína.

Fisherman's Woman hefur nú þegar selst í yfir 6.000 eintökum á Íslandi, sem þykir afar gott. Emilíana hefur ferð sína um landið á Nasa í Reykjavík 21. júlí og heldur síðan áfram vítt og breitt um landið. ■

TÓNLEIKAFERÐ EMILÍÖNU TORRINI:

Fimmtudagurinn 21. júlí
Nasa í Reykjavík

Föstudagurinn 22. júlí
Bolungarvíkurkirkja

Laugardagurinn 23. júlí
Borgarfjörður eystri

Sunnudagurinn 24. júlí
Ketilhúsið á Akureyri

EMILÍANA TORRINI Söngkonan vinsæla er á leiðinni í tónleikaferð um landið í næsta mánuði.



Nýtt lag frá Sálinni

Fyrir skemmstu sendi Sálin hans Jóns míns frá sér nýtt lag, „Dú færð bros“, og kemur það í kjölfar lagsins „Aldrei liðið betur“. Verið er að leggja lokahönd á myndband við nýja lagið og verður það frumsýnt innan tíðar.

